

Umsögn dómnefndar

**samkvæmt III. kafla laga nr. 50/2016 um dómstóla
um umsækjendur um tvö embætti dómara við Hæstarétt Íslands
sem auglýst voru laus til umsóknar í Lögbirtingablaði 10. júlí 2020**

Reykjavík, 30. október 2020

EFNISYFIRLIT

1. Umsækjendur.....	3
2. Sjónarmið sem nefndin byggir mat sitt á.....	3
3. Um málsmeðferð dómnefndar.....	7
4. Almennar upplýsingar um umsækjendur.....	10
5. Mat á umsækjendum.....	25
5.1. Menntun og framhaldsmenntun.....	25
5.1.1. Menntun og framhaldsmenntun – samanburður.....	26
5.2. Reynsla af dómstörfum.....	26
5.2.1. Reynsla af dómstörfum – samanburður.....	27
5.3. Reynsla af lögmanns- og málflutningsstörfum.....	28
5.3.1. Reynsla af lögmanns- og málflutningsstörfum – samanburður.....	30
5.4. Reynsla af stjórnáslustörfum.....	31
5.4.1. Reynsla af stjórnáslustörfum – samanburður.....	34
5.5. Reynsla af fræðistörfum o.fl.....	35
5.5.1. Kennsla á háskólastigi og önnur akademísk störf.....	35
5.5.1.1. Kennsla á háskólastigi og önnur akademísk störf – samanburður.....	37
5.5.2. Útgefnar greinar og bækur, ritstjórn o.fl.....	38
5.5.2.1. Útgefnar greinar og bækur, ritstjórn o.fl. – samanburður.....	40
5.6. Reynsla af stjórnun.....	40
5.6.1. Reynsla af stjórnun – samanburður.....	42
5.7. Reynsla af öðrum störfum sem nýtast dómaraefni o.fl.....	43
5.7.1. Reynsla af öðrum störfum sem nýtast dómaraefni o.fl. – samanburður.....	45
5.8. Almenn starfshæfni og andlegt atgervi.....	45
5.9. Sérstök starfshæfni.....	46
5.9.1. Að umsækjandi hafi einkamála- og sakamálaréttarfar á valdi sínu.....	46

5.9.2. Að umsækjandi geti farið að fyrirmælum laga um samningu dóma, ritað þá á góðu máli og fært viðhlítandi rök fyrir dómsniðurstöðu	46
5.9.3. Að umsækjandi geti stjórnað þinghöldum af röggsemi og sanngirni og afgreitt þau mál sem honum er fengin bæði fljótt og af öryggi.....	48
6. Niðurstaða dómnefndar.....	48

1. Umsækjendur

Með bréfi 4. ágúst 2020 fór dómsmálaráðuneytið þess á leit við dómnefnd samkvæmt III. kafla laga nr. 50/2016 um dómstóla að hún léti í té umsögn um hæfni umsækjenda um tvö embætti dómara við Hæstarétt Íslands sem auglýst voru laus til umsóknar 10. júlí 2020 í Lögbirtingablaði.

Upphaflega sóttu um embættið: Aðalsteinn E. Jónasson landsréttardómari, Ása Ólafsdóttir prófessor, Ástríður Grímsdóttir héraðsdómari, Björg Thorarensen prófessor, Davíð Þór Björgvinsson landsréttardómari, Jóhannes Rúnar Jóhannsson lögmaður, Oddný Mjöll Arnardóttir landsréttardómari, og Þorgeir Ingi Njálsson landsréttardómari. Jóhannes Rúnar Jóhannsson dró umsókn sína til baka 9. september 2020. Þá dró Ástríður Grímsdóttir umsókn sína til baka 19. október 2020.

Samkvæmt 3. gr. reglna um störf dómnefndar lætur dómsmálaráðherra staðreyna að umsækjendur uppfylli öll hin almennu hæfisskilyrði embættisins sem auglýst hefur verið laust til umsóknar. Niðurstaða ráðuneytis dómsmála er sú að umsækjendur uppfylli allir þau skilyrði.

Umsögn dómnefndar fer hér á eftir.

2. Sjónarmið sem nefndin byggir mat sitt á

Hæstiréttur gegnir sérstakri stöðu í dómstólaskipan landsins. Með lögum nr. 50/2016 og lögum sem sett voru samhliða þeim voru gerðar stórfelldar breytingar á þeirri skipan. Með 1. gr. dómstólalaga, sem gildi tóku 1. janúar 2018, var hlutverki Hæstaréttar breytt með þeim hætti að hann skyldi framvegis vera æðsti dómstóll ríkisins án þess að vera samtímis áfrýjunardómstóll eins og verið hafði í tíð eldri laga. Því til samræmis er áfrýjun mála nú háð leyfi réttarins og einkum takmörkuð við mál sem hafa „verulegt almennt gildi“ eða „verulega almenna þýðingu“, sbr. 176. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála og 4. mgr. 215. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

Hæstarétti er því hér eftir fyrst og fremst ætlað að dæma mál sem hafa verulega almenna þýðingu og í mörgum tilvikum fordæmisgildi. Af þeim sökum er brýnt að vanda til vals á dómurum réttarins, auk þess sem breytt hlutverk hans leiðir af sér kröfu um að það val sé eins trúverðugt og framast er kostur, svo sem tekið er fram í

umsögnum dómnefndar um hæfni umsækjenda um embætti hæstaréttardómara frá 9. desember 2019 og 30. apríl 2020.

Samkvæmt 1. mgr. 12. gr. laga nr. 50/2016 skal dómnefnd láta ráðherra í té skriflega og rökstudda umsögn um umsækjendur um embættið. Samkvæmt lögunum skal í umsögn dómnefndar tekin afstaða til þess hvaða umsækjandi sé hæfastur til að hljóta embættið, en heimilt er að setja tvo eða fleiri umsækjendur jafna.

Þágildandi lögum nr. 15/1998 um dómstóla var breytt með lögum nr. 45/2010. Í athugasemdum við þá málsgrein síðargreindu laganna, er varð að 2. mgr. 4. gr. a laga nr. 15/1998, sbr. nú 1. mgr. 12. gr. laga nr. 50/2016, segir m.a. að brýnt sé að vandað verði til allrar málsmeðferðar hjá dómnefndinni, en ekki er gert ráð fyrir því að hún raði öllum umsækjendum um embætti í tiltekna flokka. Sé það hlutverk dómnefndarinnar að fjalla um umsækjendur um embætti dómara, draga fram hæfustu umsækjendurna og gera jafnframt grein fyrir því hvern eða hverja hún telur hæfasta úr hópi þeirra. Svo segir: „Við mat á hæfni dómaraefna er til margra atriða að líta, svo sem starfsreynslu á sviði lögfræði, hvort heldur hún er á sviði dómstarfa, málflutnings, annarra lögmannsstarfa, fræðistarfa eða innan stjórnvísunnar, en almennt verður umsækjandi að hafa til að bera almenna og víðtæka lögfræðilega menntun og þekkingu. Rétt er einnig að líta til aukastarfa umsækjanda, svo sem til setu í úrskurðarnefndum eða annarra skyldra starfa sem nýtast dómaraefni. Almennt verður að telja umsækjanda til tekna að hafa yfir að búa fjölbreyttri starfsreynslu, þótt meta verði það hverju sinni. Dómnefndinni er einnig rétt að líta til og að leita sérstaklega eftir umsögnum um störf umsækjanda og þess hvort hann sé skilvirkur í störfum sínum og vinnusamur, hvort hann hafi til að bera hæfni til að skilja aðalatriði frá aukaatriðum og setja álit sitt fram á skiljanlegan hátt, bæði munnlega og skriflega. Er í því skyni unnt að líta til fræðiritra, reynslu umsækjanda af málflutningi eða þeirra dóma sem umsækjandi kann að hafa samið. Umsækjandi um dómaraembætti verður enn fremur að geta átt góð samskipti við aðra.“

Í lok 1. mgr. 12. gr. laga nr. 50/2016 kemur fram að ráðherra setji að öðru leyti nánari reglur um störf nefndarinnar. Þáverandi ráðherra dómsmála og mannréttinda setti reglur nr. 620/2010 um störf dómnefndar sem fjallar um hæfni umsækjenda um dómaraembætti. Þann 5. október sl. voru settar nýjar reglur um störf dómnefndar, nr.

970/2020, í 12. gr. reglnanna kemur fram að þær gildi ekki um mál sem dómnefnd hefur þegar tekið til meðferðar og segir að um þau mál fari eftir reglum nr. 620/2010. Miðast umfjöllun nefndarinnar því við eldri reglurnar.

Í 4. gr. reglna nr. 620/2010 er fjallað um sjónarmið sem nefndin skal byggja mat sitt á og segir þar svo:

„4. gr.

Sjónarmið sem mat dómnefndar skal byggt á.

Í umsögn dómnefndar skal tekin afstaða til þess hvaða umsækjandi eða umsækjendur séu hæfastir til þess að hljóta umrætt dómaraembætti. Dómnefnd skal gæta þess við mat sitt að samræmis sé gætt þannig að jafnræði sé í heiðri haft. Niðurstaðan skal byggð á heildstæðu mati á grundvelli málefnalegra sjónarmiða og skal þar byggt á verðleikum umsækjenda með hliðsjón af menntun og reynslu, ráðvendni, hæfni og skilvirkni í starfi, eins og nánar greinir m.a. hér á eftir:

1. *Menntun, starfsferill og fræðileg þekking.* Við mat á menntun, starfsferli og fræðilegri þekkingu skal dómnefndin miða við að æskilegt sé að umsækjandi hafi fjölbreytta starfsreynslu á sviði lögfræðinnar, s.s. reynslu af dómstörfum, málflutningi eða öðrum lögmannsstörfum, störfum innan stjórnáslunnar eða fræðistörfum. Miðað skal við að umsækjandi hafi til að bera almenna og víðtæka lögfræðilega þekkingu og menntun. Þá skal litið til þess hvort umsækjandi hefur stundað framhaldsnám.

2. *Aukastörf og félagsstörf.* Dómnefnd ber einnig að líta til aukastarfa umsækjanda, svo sem til setu í úrskurðarnefndum eða annarra skyldra starfa sem nýtast dómaraefni. Loks er heimilt að líta til víðtækrar þátttöku í félagsstarfi.

3. *Almenn starfshæfni.* Við mat á almennri starfshæfni skal litið til þess hvort umsækjandi hafi sýnt sjálfstæði, óhlutdrægni, frumkvæði og skilvirkni í starfi og hvort hann eigi auðvelt með skilja aðalatriði frá aukaatriðum. Æskilegt er að hann hafi reynslu af stjórnun. Umsækjandi skal hafa góða þekkingu á íslensku máli og eiga auðvelt með að tjá sig í ræðu og riti.

4. *Sérstök starfshæfni.* Mikilvægt er að umsækjandi hafi einkamála- og sakamálaréttarfar á valdi sínu og geti farið að fyrirmælum laga um samningu dóma og ritað þá á góðu máli. Hann verður að geta stjórnað þinghöldum af röggsemi og sanngirni og afgreitt þau mál sem honum eru fengin, bæði fljótt og af öryggi.

5. *Andlegt atgerði.* Umsækjandi þarf að eiga auðvelt með mannleg samskipti, bæði við samstarfsmenn og þá sem erindi eiga við hann. Gerð er krafa um að af umsækjanda fari gott orð bæði í fyrri störfum og utan starfa og að reglusemi hans sé í engu ábótavant.“

Í almennum athugasemdum við frumvarp það, er varð að lögum nr. 45/2010 um breyting á lögum nr. 15/1998, er áréttað að í öðrum lögum sé einnig að finna ákvæði sem taka verður tillit til við skipun dómara, svo sem í stjórnslulögum, nr. 37/1993, lögum nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla og lögum nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Ennfremur er þar minnt á að í tilmælum ráðherranefndar Evrópuráðsins nr. R(94)12 frá 13. október 1994 um sjálfstæði, skilvirkni og hlutverk dómenda (On the Independence, Efficiency and Role of Judges) kemur fram að allar ákvarðanir um skipun og starfsframa dómara skuli byggðar á hlutlægum sjónarmiðum og byggjast á verðleikum, með hliðsjón af hæfi, ráðvendni, hæfni og skilvirkni í starfi. Upphafsaðkvæði 1. mgr. 4. gr. reglna nr. 620/2010 eru byggð á þessum tilmælum.

Í fyrrgreindri umsögn dómnefndar frá 9. desember 2019 var rakin umfjöllun umboðsmanns Alþingis í ársskýrslu fyrir árið 2016 um hvernig haga bæri mati á umsækjendum um stöður á vegum hins opinbera. Í skýrslunni gerði umboðsmaður grein fyrir því að hann hefði orðið þess var síðari ár að farin hafi verið sú leið að tilgreina þau sjónarmið sem mat á umsækjendum væri grundvallað á og þeim gefið ákveðið vægi. Umsækjendum hafi síðan verið gefin stig fyrir hvert sjónarmið og heildarstigagiöf hvers umsækjanda reiknuð út. Sá sem hlyti flest stig teldist jafnan hæfastur. Umboðsmaður tók fram að þessi aðferð væri „almennt í góðu samræmi“ við það verkefni að meta umsækjendur á grundvelli faglegra verðleika. Hann hefði hins vegar orðið þess var að þessari aðferð væri beitt með „of formlegum eða fortakslausum“ hætti en minna færi fyrir efnislegu mati á þekkingu og getu umsækjenda. Niðurstaða umboðsmanns var sú að gæta yrði varfærni við mat sem þetta. Hefur nefndin horft til þessara sjónarmiða við mat á hæfni umsækjenda.

Því sjónarmiði hefur verið hreyft að staða umsækjenda í umræddum reikniskjöllum sem nefndin studdist við í eldri umsögnum bindi mögulega hendur nefndarinnar. Á þetta getur nefndin ekki fallist, enda er henni skylt samkvæmt lögum

og reglum að leggja heildarmat á hæfni umsækjenda á grundvelli þeirra upplýsinga sem fyrir liggja. Auk þess verður að gæta varúðar, eins og umboðsmaður Alþingis hefur bent á, þegar unnið er með reikniskjöl sem þessi.

Í sömu umsögn dómnefndarinnar frá 9. desember 2019 er fjallað um hvaða merkingu beri að leggja í þau ummæli 1. tölul. 1. mgr. 4. gr. reglnanna „að æskilegt sé að umsækjandi hafi fjölbreytta starfsreynslu“ og tekið fram að þetta matsviðmið sé ekki einfalt í meðförum. Einnig að fjölbreytt starfsreynsla umsækjanda geti aukið lögfræðilega þekkingu hans, en slíkt sé þó ekki endilega raunin. Í umsögninni er sú ályktun dregin af athugasemdum með frumvarpinu, er varð að lögum nr. 45/2010, að megináhersla sé þar lögð á lögfræðilega þekkingu umsækjandans. Þá sé með fjölbreyttri starfsreynslu ekki eingöngu átt við fjölbreytileika starfa, sem umsækjendur hafa sinnt, en ekki síður hve verkefnin, sem þeir hafa fengist við, séu fjölbreytileg í þeim skilningi að þeir hafi reynslu af því að beita réttarreglum á ólíkum sviðum lögfræði, sbr. og álit dómnefndar frá 22. júlí 2019 þar sem metin var hæfni umsækjenda um embætti landsréttardómara.

Í dómum Hæstaréttar 19. desember 2017 í málum nr. 591/2017 og 592/2017 var m.a. fjallað um umsögn dómnefndar frá 19. maí 2017 um hæfni umsækjenda um fimmtán embætti landsréttardómara. Í dómunum kemur fram að dómnefnd beri að leggja mat á eiginleika og færni hvers umsækjanda út frá fyrirliggjandi gögnum sem varpað geti ljósi á líklega frammistöðu umsækjenda í embættinu sem auglýsts hafði verið. Jafnframt fann Hæstiréttur að því í dómunum að í umsögn sinni hafi nefndin ekki sérstaklega lagt mat á færni hvers og eins umsækjanda til að semja dóma. Samkvæmt þessu skiptir lögfræðileg þekking umsækjanda ekki máli, ein og sér, þegar mat er lagt á hæfni hans til að gegna embætti dómara í samburði við aðra umsækjendur, heldur er einnig nauðsynlegt að meta færni hans til að nýta þá þekkingu við úrlausn dómsmála.

3. Um málsmeðferð dómnefndar

Við meðferð máls þessa hafa Eiríkur Tómasson, formaður, Kristín Benediktsdóttir, Ragnheiður Harðardóttir og Óskar Sigurðsson vikið sæti í dómnefnd og hafa varamenn þeirra, Áslaug Árnadóttir, Halldór Halldórsson og Guðrún Björk

Bjarnadóttir, tekið sæti í þeirra stað. Varamaður Kristínar, Skúli Magnússon héraðsdómari, bæði tilnefnd af Landsrétti, vék einnig sæti. Hinn 14. ágúst 2020 tilnefndi Landsréttur Andra Árnason *ad hoc* í dómnefndina. Fyrir sat í nefndinni Helga Melkorka Óttarsdóttir.

Þeim dómnefndarmönnum, sem taka þátt í meðferð málsins, er ekki kunnugt um að neinar ástæður séu fyrir hendi sem valda vanhæfi þeirra til að koma að því. Hinn 26. ágúst 2020 ritaði nefndin umsækjendum tölvubréf og óskaði eftir því að þeir gerðu athugasemdir við sérstakt hæfi dómnefndarmanna teldu þeir einhverjar vanhæfisástæður fyrir hendi. Ekki komu þá fram athugasemdir við sérstakt hæfi nefndarmanna.

Dómnefnd átti viðtöl við umsækjendur 18. september 2020.

Í framangreindri auglýsingu frá 10. júlí 2020 var m.a. áskilið að fram kæmu í umsóknum um embætti dómara við Hæstarétt upplýsingar um tvo fyrrverandi eða núverandi samstarfsmenn eða yfirmenn sem gætu veitt dómnefnd bæði munnlega og skriflega upplýsingar um störf og samstarfshæfni hlutaðeigandi umsækjanda. Á grundvelli 5. mgr. 5. gr. reglna nr. 620/2010 sendi dómnefnd spurningalista til þeirra sem umsækjendur höfðu gefið upp sem umsagnaraðila að frátöldum þeim umsagnaraðilum sem nýlega höfðu gefið umsækjendum umsögn við mat nefndarinnar vegna fyrri umsóknar þeirra, sbr. umsögn nefndarinnar frá 9. desember 2019 annars vegar og hins vegar umsögn nefndarinnar frá 30. apríl 2020. Umsækjendunum var síðan veitt færi á að tjá sig um svör þeirra og hafði nefndin hliðsjón af þessum umsögnum við mat sitt, svo sem nánar verður vikið að í kafla 5.8. hér á eftir.

Þess skal getið að hæfni umsækjendanna Aðalsteins E. Jónassonar og Davíðs Þórs Björgvinssonar var metin af dómnefnd samkvæmt III. kafla laga nr. 50/2016 vegna umsóknar þeirra um embætti dómara við Hæstarétt, sbr. umsögn nefndarinnar, dags. 30. apríl 2020, en Davíð Þór dró umsókn sína til baka eftir að umsækjendum höfðu verið send drög að umsögn dómnefndar. Þá var hæfni Aðalsteins og Davíðs Þórs ásamt hæfni umsækjendanna Ásu Ólafsdóttur og Oddnýjar Mjallar Arnardóttur metin af dómnefnd samkvæmt III. kafla laga nr. 50/2016 vegna umsóknar þeirra um embætti dómara við Hæstarétt, sbr. umsögn nefndarinnar, dags. 9. desember 2019. Þá

var hæfni Aðalsteins E. Jónassonar, Davíðs Þórs Björgvinssonar, Oddnýjar Mjallar Arnardóttur og Þorgeirs Inga Njálssonar metin af dómnefnd samkvæmt III. kafla laga nr. 50/2016 vegna umsóknar þeirra um embætti dómara við Landsrétt, sbr. umsögn nefndarinnar, dags. 19. maí 2017. Þá hefur hæfni umsækjandans Ásu Ólafsdóttur einnig verið metin af dómnefnd samkvæmt III. kafla laga nr. 50/2016 vegna umsóknar hennar um embætti tveggja settra dómara við Landsrétt, sbr. umsögn nefndarinnar, dags. 11. febrúar 2020 og um embætti dómara við Hæstarétt, sbr. umsögn nefndarinnar, dags. 3. desember 2012.

Eins og áður segir fór ráðuneytið þess á leit við dómnefnd með bréfi 4. ágúst 2020 að hún léti í té umsögn um hæfni umsækjenda. Vegna þess að breytingar urðu á skipan nefndarinnar og hún kom fyrst saman fullskipuð á fundi 31. ágúst 2020 reiknast sex vikna afgreiðslufrestur hennar skv. 9. gr. reglna nr. 620/2010 frá þeim degi til 12. október 2020. Í sömu grein er jafnframt tekið fram að sá frestur geti þó orðið lengri ef sérstakar ástæður valda því, svo sem mikill fjöldi umsækjenda og þess háttar.

Samkvæmt 7. gr. reglna nr. 620/2010 voru umsækjendum send drög að umsögn dómnefndar með tölvubréfum 13. október 2020, þar sem þeim var gefinn kostur á að gera athugasemdir við þau til 19. sama mánaðar. Þess var sérstaklega farið á leit í bréfinu að athugasemdir yrðu sendar sem fyrst. Athugasemdir bárust frá öllum umsækjendum. Farið var yfir athugasemdir á fundum nefndarinnar 19., 20. og 22. október 2020. Sumar þeirra gáfu tilefni til minni háttar breytinga á efni umsagnarinnar frá því, sem gert hafði verið ráð fyrir í drögnum. Með tilliti til athugasemda Ásu og Bjargar ákvað nefndin að taka matspættina til endurmats. Urðu endurmatið og breytingar á vinnuskjali um færni til að semja dóma til þess að nefndin breytti niðurstöðu sinni.

Umsækjendum voru send drög að breyttri umsögn nefndarinnar með tölvubréfum 23. október 2020, þar sem þeim var gefinn kostur á að gera athugasemdir við þau til 29. sama mánaðar. Þess var sérstaklega farið á leit í bréfinu að athugasemdir yrðu sendar sem fyrst. Athugasemdir bárust frá sex umsækjendum. Farið var yfir athugasemdir á fundi nefndarinnar 30. október 2020. Sumar þeirra gáfu tilefni til minni háttar breytinga á efni umsagnarinnar frá því, sem gert hafði verið ráð fyrir í

drögunum. Á hinn bóginn breyttu athugasemdirnar ekki þeim ályktarorðum sem komu fram í drögunum er umsækjendum voru send.

4. Almennar upplýsingar um umsækjendur

Hér á eftir verður gerð grein fyrir menntun og reynslu umsækjenda, en 5. kafli hefur að geyma mat dómnefndar á umsækjendum og viðmið á grundvelli þeirra meginsjónarmiða sem reifuð voru í 2. kafla. Upplýsingarnar í þessum köflum eru fyrst og fremst byggðar á umsóknum umsækjendanna. Ekki er greint frá öllu því, sem þeir hafa talið þar upp, heldur getið helstu starfa og viðfangsefna er þeir hafa sinnt, auk þess sem leitast hefur verið við að gæta samræmis þeirra á milli þegar gerð er grein fyrir þessum atriðum.

Aðalsteinn E. Jónasson er fæddur 18. desember 1966 og er því 53 ára. Hann útskrifaðist með embættispróf frá lagadeild Háskóla Íslands í febrúar 1992. Hann stundaði LL.M. nám við lagadeild Harvard háskóla í Bandaríkjunum og útskrifaðist þaðan með meistaragráðu í júní 2000 með áherslu á löggjöf á fjármagnsmarkaði. Í umsókn kemur fram að hann hefði stundað doktorsnám við lagadeild Kaupmannahafnarháskóla á árunum 2008-2010. Hann öðlaðist málflutningsréttindi sem héraðsdómslögmaður í febrúar 1993 og leyfi til málflutnings fyrir Hæstarétti Íslands í október 1998. Þá fékk hann réttindi sem fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali 2015. Áður en hann hóf laganám stundaði hann frönskunám við Toulouse háskóla. Auk þessa hefur umsækjandinn sótt ýmis námskeið héraðs og erlendis. Að loknu embættisprófi 1992 hóf hann störf hjá lögmannsstofu Jónasar A. Aðalsteinssonar hrl., sem síðar varð LEX lögmannsstofa. Vorið 2000 hóf umsækjandinn störf sem framkvæmdastjóri lögfræðisviðs Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. sem við sameiningu síðar það ár varð Íslandsbanki-FBA hf. Árið 2002 hóf hann störf sem lektor við lagadeild Háskólans í Reykjavík í hálfu starfi. Lét hann þá af störfum hjá Íslandsbanka-FBA hf. en sinnti lögmennsku hjá LEX lögmannsstofu samhliða starfi lektors til ársins 2004. Sama ár hóf hann störf sem framkvæmdastjóri lögfræðisviðs Straums Fjárfestingabanka hf. og hætti þá hjá LEX lögmannsstofu en hélt stöðu sinni sem lektor. Í september 2006 hætti hann störfum hjá Straumi og tók við sem framkvæmdastjóri lögfræðisviðs Gnúps fjárfestingafélags hf. í október 2006 og starfaði

þar til ársloka 2007. Á árinu 2007 fékk hann framgang í stöðu dósentis við lagadeild Háskólans í Reykjavík og fór þá í fullt starf sem dósent og sinnti kennslu og rannsóknum við skólann samhliða starfi sínu hjá Gnúpi þar til hann lét af störfum þar í árslok 2007. Hann starfaði hjá lagadeild Háskólans í Reykjavík þar til fyrri hluta árs 2011. Við deildina annaðist umsækjandinn fyrst og fremst kennslu í tveimur námsgreinum, annars vegar kröfurétti, síðar fjármunarétti I – samninga-, skaðabóta- og kröfurétti og hins vegar verðbréfamarkaðsrétti, síðar viðskipti með fjármálagerninga. Rannsóknir hans á sviði lögfræði hafa fyrst og fremst beinst að síðarnefndu fræðisviði. Til viðbótar hafði hann umsjón með og annaðist kennslu í námsgreininni alþjóðlegir fjármagnsmarkaðir árið 2007 og kennslu í fjármunarétti V. Þá hefur hann komið að kennslu í ýmsum öðrum námsgreinum sem aðrir kennarar hafa haft umsjón með. Sem lektor og síðar dósent við lagadeild Háskólans í Reykjavík árin 2002 til 2011 hafði hann umsjón með kandídats- og meistararitgerðum. Þá var hann reglulega prófdómari á þessu tímabili. Áður hafði hann umsjón með nokkrum lokaritgerðum laganema við lagadeild Háskóla Íslands. Umsækjandinn annaðist kennslu í aðfarargerðum á námskeiðum fyrir verðandi lögmenn 2001-2005 og verðbréfamiðlara 2000-2001. Í janúar 2010 hóf hann á ný störf hjá LEX lögmennsstofu og starfaði þar fram til ársloka 2017. Umsækjandinn var skipaður dómari við Landsrétt 8. júní 2017 og hefur hann gegnt því embætti frá stofnun dómstólsins 1. janúar 2018. Áður en umsækjandinn hóf störf hjá lagadeild Háskólans í Reykjavík var hann stundakennari við lagadeild Háskóla Íslands 2001 til 2002, og kenndi þar annars vegar aðfarargerðir og hins vegar verðbréfamarkaðsrétt. Bækur sem umsækjandinn hefur ritað eru *Viðskipti með fjármálagerninga* (2009) og *Markaðssvik* (2017). Þá hefur hann ritað þrjú bókakafla og 14 ritrýndar fræðigreinar um lögfræðileg efni. Umsækjandinn tók þátt í innra starfi lagadeildar Háskólans í Reykjavík, þ.e. kennsluþróunarráði, námsþróunarráði og rannsóknarráði. Hann var formaður stjórnar Fjármálaréttarstofnunar Háskólans í Reykjavík 2003-2007, og forstöðumaður sömu stofnunar 2007-2011. Hann sat í rýnihópi sem gerði úttekt á laganámi við Háskólann í Reykjavík árið 2014. Þá hefur umsækjandinn verið varaformaður stjórnar Persónuverndar frá október 2007, formaður úrskurðarnefndar verðbréfamiðstöðva 2009-2013, sérfræðingur fyrir rannsóknarnefnd Alþingis frá apríl 2009 til mars 2010 og

var í tvígang á árinu 2009 settur *ad hoc* sem formaður nefndar um dómastörf. Hann var stjórnarformaður 1912 samstæðunnar 2012-2017, stjórnarmaður í Fossum mörkuðum hf. frá árinu 2016 til 2017 og sat í stjórn LEX lögmannsstofu 2011-2015. Af öðrum aukastörfum má nefna að umsækjandinn var árið 2001 skipaður í nefnd af iðnaðar- og viðskiptaráðherra sem samdi frumvarp sem varð að lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Hann var í stjórn Lögmannafélags Íslands 2001 til 2003 og í laganefnd félagsins 1996-1999. Þá sat hann í laganefnd European Banking Federation 2000-2002. Umsækjandinn hefur setið í ritrýnnefnd Tímarits Lögréttu frá árinu 2009 og í ráðgjafarráði Tímarits lögfræðinga frá 2007. Umsækjandinn var settur dómari við Hæstarétt Íslands í sjö málum árið 2018.

Ása Ólafsdóttir er fædd 1. september 1970 og er því 50 ára. Hún lauk embættisprófi í lögfræði frá lagadeild Háskóla Íslands vorið 1996. Hún stundaði framhaldsnám við Cambridge háskóla í Bretlandi og útskrifaðist þaðan með meistarapróf í lögum árið 2000. Þá hefur umsækjandinn sótt námskeið og ráðstefnur um lögfræði á Íslandi og erlendis. Hún öðlaðist réttindi til að flytja mál fyrir héraðsdómi 1998 og hlaut leyfi til málflutnings fyrir Hæstarétti 2005. Árin 1996-1997 starfaði umsækjandinn sem fulltrúi á lögmannsstofu. Á árunum 1998-2008 var hún sjálfstætt starfandi lögmaður og rak þá lögmannsstofuna JP lögmennt í félagi við aðra. Hún var einn af lögmonnum Neyðarmóttöku vegna nauðgana á árunum 2003-2008. Umsækjandinn var aðstoðarmaður dóms- og kirkjumálaráðherra, síðar dómsmála- og mannréttindaráðherra, um eins og hálfis árs skeið á árunum 2009-2010. Á þeim tíma tók hún þátt í starfi ýmissa sérfræðihópa á vegum ráðuneytisins. Umsækjandinn hefur setið í mörgum úrskurðarnefndum sem starfa á vegum stjórnsýslunnar. Árin 2003-2007 var hún nefndarmaður í kærunefnd jafnréttismála. Árin 2005-2011, að frátöldu um einu og hálfu ári sem hún gegndi starfi aðstoðarmanns ráðherra, var hún formaður áfrýjunarnefndar neytendamála og samdi nær alla úrskurði nefndarinnar. Á árunum 2010-2012 var hún formaður úrskurðarnefndar um félagsþjónustu og húsnæðismál og samdi niðurstöðu fjölda úrskurða. Þá var hún varaformaður úrskurðarnefndar hollustuhátta og mengunarvarnamála árin 2006-2012. Á árunum 2012-2015 var hún formaður gjafsóknamefndar og varaformaður frá 2015. Á árinu 2012 tók umsækjandinn sæti í óbyggðanefnd og hefur hún verið formaður nefndarinnar frá

2016 og tekið ríkan þátt í samningu úrskurða nefndarinnar. Umsækjandinn var varaformaður eftirlitsnefndar fasteignasala á árunum 2010-2019. Árin 2013-2015 var hún formaður nefndar um skráningu trúfélaga. Hún sat í stýrihóp um velferðarvakt á árunum 2009-2011. Haustið 2014 var hún lögfræðilegur ráðgjafi framkvæmdahóps stjórnvalda um afnám gjaldeyrishafta og var síðar ráðgjafi Seðlabankans meðal annars við mat á því hvort stöðugleikaframlög hinna föllnu fjármálafyrirtækja uppfylltu íslensk lög. Umsækjandinn er formaður nefndar sem skipuð var af dómsmálaráðherra í apríl 2019 um rannsókn og saksókn skattalagabrota. Hún sat í starfshóp mennta- og menningarmálaráðherra um aðgerðir í kjölfar „#metoo“ og var skipuð af forsætisráðherra í nefnd um mótun stefnu í forvörnum og fræðslu með það að markmiði að útrýma kynferðislegu ofbeldi, kynferðislegri og kynbundinni áreitni og öðru kynbundnu ofbeldi. Einnig hefur hún setið í nefnd um dómastörf, fyrst sem varamaður frá árinu 2011, en sem aðalmaður frá 2013. Þá var hún ritstjóri Lagasafns og í ritstjórn þess frá 2011. Einnig hefur umsækjandinn verið nefndarmaður í réttarfarsnefnd frá 2012 og varaformaður í endurupptökunefnd frá 2017. Einnig sat hún í hverfiskjörstjórn árin 1996-2006 og í yfirkjörstjórn Reykjavíkurborgar norður 2007-2009. Þá var hún skipuð af dómsmálaráðherra í vinnuhóp um kosti og galla þess að koma á fót millidómstigi árið 2010, skipuð af fjármálaráðherra í starfshóp sem var falið að kanna hvort unnt væri að hefja og reka skaðabótamál á hendur lögaðilum eða einstaklingum sem hefðu valdið ríkinu eða almenningi í landinu fjárhagslegu tjóni með athöfnum sínum í aðdraganda og kjölfar bankahrunsins árið 2009 og af forsætisráðherra í starfshóp árið 2009 sem síðar samdi frumvarp um sanngirnissætur vegna misgjörða á vistheimilum fyrir börn. Þá hefur hún veitt stjórnvöldum ýmsa ráðgjöf. Umsækjandinn hefur verið kennari við lagadeild Háskóla Íslands frá árinu 2004, þar af lektor í hlutastarfi 2006-2008, en síðan í fullu starfi 2008-2012, að undanskildum þeim tíma meðan hún gegndi starfi aðstoðarmanns ráðherra. Frá miðju ári 2012 hefur hún verið dósent við deildina og prófessor frá miðju ári 2018. Kennslugreinar hennar hafa einkum verið á sviði réttarfars og fjármunaréttar, jafnt í grunnnámi sem meistaranámi. Aðalkennslugreinar hennar hafa verið samningaréttur og skuldaskilaréttur, en einnig hefur hún annast kennslu í réttarfari og alþjóðlegum einkamálarétti. Auk þess hefur hún verið umsjónarmaður

kandidatsritgerða og leiðbeinandi fjölda nemenda við ritun meistaritgerða. Hún hefur einnig kennt við Viðskiptaháskólann á Bifröst, Háskólann í Reykjavík og háskóla á Spáni. Þá hefur hún annast kennslu á námskeiðum til öflunar réttinda til málflutnings fyrir héraðsdómi, löggildingarnámskeiðum fasteigna-, fyrirtækja- og skipasala, réttindanámskeiði fyrir þá er öðlast vilja löggildingu sem bifreiðasalar og réttindanámskeiði fyrir löggildingu verðbréfasala. Að auki hefur hún kennt á sérstöku réttindanámskeiði í rekstrar- og viðskiptafræðinámi Endurmenntunarstofnunar Háskóla Íslands, auk þess sem hún hefur fengist við kennslu á námskeiðum á vegum ýmissa aðila. Umsækjandinn hefur sinnt ritrýni og verið skipað prófdómari við meistaraþrófsvarnir. Hún hefur unnið skýrslur og álit af ýmsum toga. Þá samdi hún, ásamt öðrum, skýrslu um stöðu íslensks neytendaréttar sem gefin var út af viðskiptaráðuneytinu árið 2008. Einnig var hún tilnefnd af Háskóla Íslands til þess að gera, ásamt öðrum, úttekt á fjárhagslegri stöðu Orkuveitu Reykjavíkur og var sú skýrsla birt árið 2012. Samhliða kennslu hefur umsækjandinn sinnt rannsóknum á fræðasviðum sínum. Í umsókn sinni greinir umsækjandinn frá ritverkum sínum um lögfræðileg efni, þar af eru fjórar bækur og 22 bókakaflar og fræðigreinar. Kveður umsækjandi að allir nema einn af framangreindum bókaköflum og fræðigreinum hafi sætt ritrýni. Bækur sem umsækjandinn hefur ritað eru *Neytendaréttur* (2009), samin ásamt Eiríki Jónssyni og er á sviði neytendaréttar eins og heiti hennar ber með sér, *Handbók um gjaldprotaskipti* (2011), en þar er um að ræða aðra uppfærða útgáfu á bók sem hafði upphaflega verið samin af öðrum. Þá er umsækjandinn einn þriggja höfunda bókarinnar *Hrunréttur* (2019), þar sem fjallað er um eftirmála hrunsins með aðferðum lögfræðinnar. Þá hefur umsækjandinn nýlokið ritun verksins *Ógildingarreglur samningaréttar* (2019) sem byggir á nokkurra ára rannsóknum á ógildingarreglum samningaréttar. Umsækjandinn var einn af ritstjórum bókarinnar *Restatement of Nordic Contract Law* (2016), auk þess sem hún er meðhöfundur sex kafla bókarinnar. Þá tekur umsækjandi fram að hún hafi ritað greinar í *Lögmannablaðið* og samið kennsluefni fyrir háskóla. Þá tilgreinir umsækjandi að hún hafi haldið 30 fyrirlestra. Umsækjandinn hefur átt sæti í ýmsum nefndum og ráðum á vegum Háskóla Íslands, þ. á m. situr hún í stjórn styrktarsjóða skólans. Hún hefur verið formaður stjórnar Lagastofnunar frá árinu 2017. Hún gegndi stöðu varaforseta lagadeildar Háskóla

Íslands frá 1. júlí 2018 fram til 1. júlí 2020 er hún tók við starfi deildarforseta lagadeildar Háskóla Íslands. Umsækjandi sat í stjórn Lindarhvals ehf., sem var falið að fullnusta og selja stöðugleikaeignir í eigu ríkissjóðs, 2016-2018 og í stjórn Eyrís Invest hf., frá 2016. Þá hefur umsækjandinn stýrt starfshópum á vegum stjórnvalda um IMMI. Árin 2008-2014 var hún í stjórn styrktarsjóðsins *Þú getur!* sem ætlað er að veita námsstyrki til þunglyndra og þeirra sem þjást af geðröskunum. Þá var hún *ad hoc* nefndarmaður í dómnefnd til að meta hæfi umsækjenda um embætti tveggja héraðsdómara árið 2012. Hún situr í fulltrúaráði Hjartaverndar og hefur starfað fyrir samtökin í sjálfböðastarfi um langt árabil. Á árunum 2014-2017 sat hún í stjórn Kraftlyftingasambands Íslands og í framkvæmdastjórn ÍSÍ 2017-2019. Hún átti sæti í laganefnd Lögmannafélags Íslands 2005-2008. Loks lætur umsækjandinn þess getið að hún hafi komið að gerð fjölda lagafrumvarpa. Er um að ræða sjö frumvörp meðan hún gegndi starfi aðstoðarmanns ráðherra og sex frumvörp sem samin hafa verið utan aðalstarfs. Umsækjandinn var settur dómari við Landsrétt frá 25. febrúar 2020 til 30. júní sama ár og var hún dómsformaður og meðdómandi bæði í einkamálum og sakamálum. Þá var umsækjandi settur dómari í 9 málum Landsréttar í september 2020. Umsækjandinn var settur dómari við Hæstarétt Íslands í átta málum árið 2018. Auk þess átti hún þátt í ákvarðanatöku um hvort veita eigi áfrýjunarleyfi í einu máli réttarins 2019. Frá árinu 2013 hefur hún verið fastur varadómari við EFTA dómstólinn þar sem hún hefur tekið þátt í meðferð fimm mála.

Björg Thorarensen er fædd 24. september 1966 og er því 54 ára. Hún lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 1991 og LL.M. námi við Edinborgarháskóla í Bretlandi árið 1993. Hún öðlaðist réttindi sem héraðsdómslögmaður árið 1997. Að loknu laganámi var hún starfsmaður nefndar dómsmálaráðuneytisins um gildistöku laga nr. 92/1989 um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði og réttarfarslöggjafar. Árið 1993 var hún í starfsnámi hjá Mannréttindanefnd Evrópu í Strassborg í Frakklandi. Umsækjandinn var lögfræðingur á lagaskrifstofu dómsmálaráðuneytisins 1995-1996, skrifstofustjóri á löggaeslu- og dómsmálaskrifstofu dómsmálaráðuneytisins 1996-2001 og skrifstofustjóri á lagaskrifstofu dómsmálaráðuneytisins 2001-2002. Hún var umboðsmaður ríkisstjórnar Íslands við Mannréttindadómstól Evrópu fyrst 1999-2005

og svo aftur 2009-2011. Umsækjandinn var stundakennari við lagadeild Háskóla Íslands í stjórnskipunarrétti 1996-2002 og í þjóðarétti og alþjóðlegum mannréttindareglum 1994-1998. Árið 2002 fékk umsækjandinn framgang í stöðu prófessors við deildina og gegnir hún því starfi í dag. Árin 2007-2010 var umsækjandinn deildarforseti lagadeildar Háskóla Íslands. Kennslugreinar umsækjandans hafa einkum verið á sviði stjórnskipunarréttar, þjóðaréttar, alþjóðlegra mannréttinda og persónuverndarréttar. Þá hefur umsækjandinn einnig haldið fyrirlestra og kennt við háskóla erlendis, þ.m.t. við lagadeild Háskólans í Kaupmannahöfn og við Evrópuháskólann í Flórens. Enn fremur hefur hún verið leiðbeinandi 70 nemenda við ritun meistara- og leiðbeint þremur doktorsnemum og setið í tveimur doktorsnefndum við erlenda háskóla. Umsækjandinn hefur sinnt ritrýni og unnið skýrslur og álit af ýmsum toga. Þá hefur hún stundað rannsóknir á sviði stjórnskipunarréttar og persónuverndar og hefur hún á ferli sínum hlotið náms- og rannsóknarstyrki vegna margs konar verkefna. Árið 2018 hlaut umsækjandinn heiðursmerki hinnar íslensku fálkaorðu fyrir kennslu og rannsóknir á sviði lögfræði. Í umsókn sinni greinir umsækjandinn frá fjölda ritverka sinna um lögfræðilegt efni, þar af eru fjórar bækur, 19 ritrýndar fræðigreinar og 36 ritrýndir bókakaflar. Margar greinanna hafa birst á ensku eða á einu norrænu málanna í viðurkenndum erlendum tímaritum og bókakaflarnir í safnritum og afmælisritum. Einnig nefnir umsækjandinn 15 óritrýndar greinar og almennt fræðsluefni sem hafa verið birtar. Bækur sem umsækjandinn hefur ritað eru *Stjórnskipunarréttur. Mannréttindi*. (2008), sem fjallar um mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar, *Þjóðaréttur* (2011), samin ásamt Pétri Dam Leifssyni og fjallar um reglur sem gilda í lögskiptum ríkja og gagnvart alþjóðastofnunum og um það réttarkerfi sem ríkir í alþjóðasamfélaginu, og *Stjórnskipunarréttur. Undirstöður og handhafar ríkisvalds*. (2015), sem fjallar um almennan hluta stjórnskipunarréttar, undirstöður og einkenni stjórnskipunar Íslands, meðferð ríkisvalds og takmörk þess. Árið 2019 gaf umsækjandinn út uppfærða útgáfu af fyrstu bók sinni *Stjórnskipunarréttur. Mannréttindi. 2. útg.* (2019) þar sem efni eldra ritsins var endurskoðað og uppfært með tilliti til dómaframkvæmdar frá síðasta áratug og nýrra fræðilegra heimilda. Þá er umsækjandinn með handrit af bók, *Persónuverndarréttur*, í vinnslu og undirbúningi

fyrir ritrýni og er útgáfa bókar áætluð 2021. Í umsókn sinni greinir umsækjandinn frá sjö ritverkum um lögfræðilegt efni þar sem hún hefur sinnt ritstjórn, þar af má nefna að umsækjandinn var ritstjóri bókarinnar *The Nordic Constitutions. A Comparative and Contextual Study* (2018) ásamt öðrum þar sem fjallað er um samanburðarstjórnskipunarrétt á Norðurlöndunum. Þá tilgreinir umsækjandinn að hún hafi haldið 93 fyrirlestra bæði hérlendis og erlendis. Umsækjandinn hefur átt sæti í ýmsum nefndum og ráðum á vegum Háskóla Íslands. Hún sat bæði í Jafnréttisnefnd Háskóla Íslands og í stjórn Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands árin 2002-2005. Árin 2003-2008 sat hún í stjórn Styrktarsjóða Háskóla Íslands. Umsækjandinn var fulltrúi Lagadeildar til setu á háskólafundi 2005-2010 og fulltrúi félagsvísindasviðs í fjármálanefnd Háskólaráðs 2006-2008. Hún sat í framgangsnefnd Háskóla Íslands 2011-2016 og í stjórn Mannréttindastofnunar Háskóla Íslands 2014-2019. Þá var umsækjandinn formaður stjórnar Mannréttindastofnunar Háskóla Íslands 2004-2013, formaður kjörstjórnar vegna rektorskjörs við Háskóla Íslands 2015, formaður stjórnar Háskólaútgáfunnar 2015-2020 og formaður kærunefndar í málefnum nemenda í Háskóla Íslands 2017-2020. Árið 2003 var umsækjandinn formaður ritrýninefndar Úlfjótis tímarits laganema við Háskóla Íslands.

Í störfum sínum hefur umsækjandinn tekið þátt í starfi ýmissa sérfræðihópa á vegum dómsmálaráðuneytisins jafnframt sem umsækjandinn hefur setið í mörgum nefndum sem starfa á vegum stjórnsýslunnar. Af aukastörfum má nefna að umsækjandinn hefur frá árinu 2019 setið í nefnd um vandaða starfshætti í vísindum skv. lögum nr. 70/2019. Hún hefur setið í stjórn Hins íslenska bókmenntafélags frá árinu 2018 og verið formaður stjórnar Hafréttarstofnunar Íslands frá árinu 2016. Hún hefur verið formaður stjórnar Persónuverndar frá 2011. Þá var hún formaður nefndar samkvæmt 27. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins 2002-2010, formaður nefndar sem forsætisráðherra skipaði til að kanna réttarstöðu samkynhneigðs fólks 2003-2004 og formaður stjórnar Landakotsskóla 2005-2007. Umsækjandinn var formaður ráðgjafarhóps ríkisstjórnarinnar um breytingar á stjórnarskránni árið 2009, formaður nefndar um meðferð hælisumsókna 2009-2010 og formaður samningahóps um lagaleg málefni í samninganefnd um aðild Íslands að ESB 2009-2013. Árin 2017-2018 var umsækjandinn formaður starfshóps dómsmálaráðherra

um innleiðingu reglugerðar ESB um persónuvernd nr. 2016/679. Árin 2005-2007 sat umsækjandinn í sérfræðinganefnd á vegum forsætisráðherra í tengslum við endurskoðun á stjórnarskránni. Umsækjandinn sat í nefnd til að gera tillögur um lagalega stöðu íslenskrar tungu 2009-2010 og í Stjórnlaganefnd sem kosin var af Alþingi 2010-2011. Umsækjandinn var varaformaður samninganefndar Íslands til að fara með aðildarviðræður við ESB 2009-2013. Umsækjandinn hefur einnig setið í ýmsum nefndum á vegum Evrópuráðsins þar af má nefna að hún hefur setið í ráðgjafarnefnd samkvæmt samningi Evrópuráðsins um vernd einstaklinga varðandi vélræna vinnslu persónuupplýsinga frá árinu 2019 og formaður sérfræðinganefndar Evrópuráðsins um breytingar á reglum um málsmeðferð fyrir Mannréttindadómstól Evrópu frá árinu 2010. Loks lætur umsækjandinn þess getið að hún hafi komið að gerð fjölda lagafrumvarpa. Er um að ræða sex frumvörp meðan hún starfaði hjá dómsmálaráðuneytinu og fjögur frumvörp sem samin hafa verið utan aðalstarfs. Umsækjandinn var settur dómari við Landsrétt frá 1. janúar 2020 til 30. júní sama ár.

Davíð Þór Björgvinsson er fæddur 9. apríl 1956 og er því 64 ára. Hann lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands í júní 1985 og LL.M. námi við Duke háskóla í Bandaríkjunum í maí 1987. Doktorsgráðu í lögum hlaut hann frá háskólanum í Strassborg í október 2013. Áður, í febrúar 1982, lauk hann BA-prófi í sagnfræði sem aðalgrein og heimspeki sem aukagrein frá heimspekideild Háskóla Íslands. Réttindi til málflutnings í héraði öðlaðist hann 1989. Auk þessa hefur umsækjandinn sótt ýmis námskeið héraðs og erlendis. Að loknu embættisprófi starfaði umsækjandinn í rúmlega eitt ár sem fulltrúi lögmanna, annars vegar hjá Ólafi Birgi Árnasyni hrl. og hins vegar hjá Ásgeiri Thoroddsen hrl. Á árunum 1987 og 1988 var hann í rúmlega eitt og hálf ár fulltrúi yfirborgardómara í Reykjavík, en 1989-1993 var hann dósent við lagadeild Háskóla Íslands. Frá 1993-1996 starfaði umsækjandinn sem aðstoðarmaður dómara við EFTA-dómstólinn í Lúxemborg. Hann gegndi aftur starfi aðstoðarmanns við dómstólinn á árunum 1999-2003. Umsækjandinn var prófessor við lagadeild Háskóla Íslands á árunum 1996-2003, en fékk leyfi frá því starfi á tímabilinu 1999-2003. Hann var prófessor við lagadeild Háskólans í Reykjavík í rúmlega eitt ár frá 2003 til 2004 í fullu starfi en í 25% starfi frá nóvember 2005 til loka árs 2013 samhliða dómara starfi. Umsækjandinn var dómari við Mannréttindadómstól Evrópu í

Strassborg á árunum 2004-2013. Var hann varaforseti 4. deildar dómstólsins frá 2011 til 2013 og framsögumaður í fjölmörgum málum við dómstólinn, þar á meðal í Grand Chamber. Í byrjun árs 2014 tók hann við stöðu prófessors við lagadeild Háskólans í Kaupmannahöfn í 100% starfshlutfalli og starfaði þar til loka árs 2016. Á sama tíma tók hann stöðu prófessors við lagadeild Háskóla Íslands í 49% hlutfalli og gegndi því úti árið 2017. Umsækjandinn var skipaður dómari við Landsrétt 8. júní 2017 og hóf hann störf við réttinn þann 1. október 2018. Umsækjandinn var kjörinn varaforseti Landsréttar þann 15. júní 2017 og hefur gegnt því embætti frá stofnun réttarins. Þá hefur umsækjandinn gegnt stöðu rannsóknarprófessors við lagadeild Háskóla Íslands frá 1. janúar 2018 og sinnir í því starfi leiðsögn doktorsnema. Frá árinu 1988 hefur umsækjandinn reglulega sinnt kennslustörfum við Háskóla Íslands, Háskólann í Reykjavík og Háskólann á Akureyri einkum á sviði alþjóðlegra mannréttinda, almennrar lögfræði og einkamálaréttarfars.

Samhliða aðalstörfum hefur umsækjandinn sinnt fjölmörgum aukastörfum. Meðal þeirra er þátttaka í samningu fjögurra lagafrumvarpa, er þar um að ræða frumvarp til lögræðislaga, frumvarp til laga um lagaskil á sviði samningaréttar, frumvarp til laga um skráð trúfélög og frumvarp til barnaverndarlaga. Þá sat hann í refsiréttarnefnd í rúm þrjú ár. Jafnframt hefur hann samið álitserðir í tengslum við setningu og framkvæmd laga á mörgum sviðum, ýmist einn eða með öðrum. Einnig hefur hann einn eða með öðrum tekið þátt í samningu skýrslna og álitserða á ýmsum sviðum lögfræðinnar fyrir stjórnvöld, innlend og fjölþjóðleg, auk þess að veita stjórnvöldum og einkaaðilum lögfræðilega ráðgjöf í nokkrum mæli. Umsækjandinn hefur verið formaður fjögurra nefnda á vegum Stjórnarráðsins, setið í tveimur til viðbótar og nokkrum sinnum verið skipaður til setu í nefnd á stjórnsýslustigi *ad hoc*. Um er að ræða formennsku í nefnd um eignarhald á fjölmiðlum 2003-2004, formennsku nefndar um starfrækslu gagnagrunns á heilbrigðissviði 1998-1999 og formennsku mannanafnanefndar 1997-1999. Þá var hann formaður prófnefndar verðbréfamiðlara 1991-1993 og sat í nefndinni 1996-1999. Loks mun hann hafa veitt umboðsmanni Alþingis aðstoð við afgreiðslu einstakra mála 1990-1993 og 1997-1998. Önnur aukastörf sem umsækjandinn getur um eru meðal annars kennsla á réttindanámskeiðum fyrir fasteignasala og verðbréfamiðlara og formennska í fagráði

lögreglu frá mars 2014 til maí 2019. Þá var hann formaður í stjórn Mannréttindastofnunar Háskóla Íslands í sex ár frá 1998 til 2004. Hann sat í vísindasiðanefnd í eitt ár og starfaði sem gestaprófessor við lagadeild Háskólans í Flórens um þriggja mánaða skeið árið 2017. Þá var hann, frá 3. október 2014 - 30. september 2018, settur ríkissaksóknari til að veita endurupptökunefnd umsögn vegna beiðna um endurupptöku svonefndra Guðmundar- og Geirfinnsmála. Jafnframt rak hann málin fyrir Hæstarétti eftir að úrskurðir endurupptökunefndar voru kveðnir upp. Umsækjandinn hefur verið varamaður í stjórn dómstólasýslunnar frá 1. janúar 2018. Þá hefur hann sinnt fræðistörfum og ritstörfum í ríkum mæli, en hann hefur ritað bækurnar *Barnaréttur* (1995), *EES-réttur og landsréttur* (2006), *Lögskýringar. Kenningar, aðferðir og sjónarmið við skýringu og beitingu laga* (2008), og *The Intersection of International Law and Domestic Law. A Theoretical and Practical Analysis* (2015). Að auki getur hann um 64 greinar og bókakafla á ýmsum sviðum lögfræði sem birst hafa í lögfræðitímaritum og afmælisritum, innlendum sem erlendum. Af þeim eru um 40 ritrýndar og í tveimur tilvikum er getið um meðhöfunda. Þá hefur hann samið kennsluefni fyrir námskeið í Háskóla Íslands og Háskólanum í Reykjavík. Af enn öðrum aukastörfum má nefna ritstjórn eða setu í ritnefnd sex rita, þar á meðal afmælisrita, leiðsögn í ritun fjölda kandidateitritgerða, meistararitgerða og í námi fimm doktorsnema auk setu í dómnefndum vegna starfa innan háskóla. Þá getur hann um 80 fyrirlestra á námskeiðum, fundum og ráðstefnum sem flestar voru haldnar hér á landi en allmargar víða um heim, auk fjölda blaðagreina. Hann var varadómari við Mannréttindadómstól Evrópu í tveimur málum fyrir skipun hans í dóminn 2004, setudómari við Héraðsdóm Reykjaness í einu máli 1998, varadómari við EFTA-dómstólinn í eitt ár og hefur setið í gerðardómi í nokkrum tilvikum auk þess að vera oddamaður í starfsráði (gerðardómi) Félags íslenskra atvinnuflugmanna og Icelandair frá miðju ári 2018. Þá hefur hann verið dómkvaddur matsmaður í tugum skaðabótamála vegna mats á örorku. Hann var framkvæmdastjóri Menningarsjóðs útvarpsstöðva 1988 til 1992 auk þess að hafa gegnt ýmsum stjórnunarstörfum innan íslenskra háskóla. Þá var hann settur dómari við Hæstarétt Íslands í rúmar sex vikur í byrjun árs 2017.

Oddný Mjöll Arnardóttir er fædd 16. janúar 1970 og er því 50 ára. Hún lauk embættisprófi í lögfræði frá lagadeild Háskóla Íslands 1994 og doktorsprófi í lögfræði frá Edinborgarháskóla 2002. Hún hefur einnig sótt námskeið á vegum Endurmenntunarsstofnunar Háskóla Íslands og annarra hér á landi og erlendis. Hún öðlaðist réttindi til að flytja mál fyrir héraðsdómi í júlí 1995. Umsækjandinn vann sem fulltrúi á Málflutningsskrifstofu Borgartúni 24 á árunum 1994-1996. Fyrri hluta árs 2001 var hún framkvæmdastjóri Reykjavíkurakademíunnar sem rekur fræðasetur fyrir sjálfstætt starfandi fræðimenn og síðari hluta sama árs var hún framkvæmdastjóri Mannréttindastofnunar Háskóla Íslands í þrjá mánuði. Hún var sjálfstætt starfandi lögmaður í fjögur ár, fyrst við Lögmannsstofuna í Skeifunni 2002-2004 og síðan stofnandi og meðeigandi að Acta lögmannsstofu frá 2004-2006. Frá 1999-2000 var umsækjandinn aðjúnt í hlutastarfi á sviði lögfræði við Háskólann á Bifröst og 2005 var hún stundakennari við Háskólann í Reykjavík. Hún var prófessor við sama skóla frá 2006-2012, fyrstu sex mánuðina í hálfu starfi en síðan í fullu starfi. Frá 2012-2018 var hún prófessor við lagadeild Háskóla Íslands, en haustönn 2014 var hún gestaprófessor við Kaupmannahafnarháskóla. Voru helstu kennslugreinar umsækjandans evrópsk mannréttindi, alþjóðleg mannréttindi, vinnuréttur og aðferðafræðileg inngangsnámskeið, s.s. námskeið um inngang að lögfræði og lögfræðirannsóknir á meistarastigi. Auk þess hefur hún fengist við kennslu í öðrum námsgreinum. Þá stóð hún fyrir alþjóðlegum doktorsnemanámskeiðum við Háskólann í Reykjavík og Háskóla Íslands árin 2009 og 2015. Rannsóknir hennar á sviði lögfræði hafa fyrst og fremst beinst að ýmsum viðfangsefnum á sviði mannréttinda, þar á meðal réttarfarslegum álitaeftum, frá sjónarhóli bæði þjóðaréttar, stjórnskipunarréttar og Evrópuréttar. Þá hefur hún einnig stundað rannsóknir á sviði réttarheimspeki, vinnuréttar og heilbrigðisréttar og hefur hún á ferli sínum hlotið fjölda náms- og rannsóknarstyrkja vegna margs konar verkefna. Umsækjandinn var skipaður dómari við Landsrétt 8. júní 2017 og hefur hún gengt því embætti frá stofnun dómstólsins 1. janúar 2018. Frá því að hún hóf störf hjá Landsrétti hefur hún einnig gegnt stöðu rannsóknarprófessors við Háskóla Íslands.

Af aukastörfum skal nefnt að umsækjandinn hefur þrisvar sinnum verið gestakennari á doktorsnemanámskeiðum við erlenda háskóla og kennt á námskeiðum

annarra aðila hér á landi og erlendis. Á árunum 2000-2017 kenndi hún samningatækni á námskeiði til öflunar héraðsdómslögmannsréttinda, en árin 2000-2007 kenndi hún einnig hluta námskeiðsins er lúta að skaðabótaábyrgð og starfsábyrgðartryggingum. Umsækjandinn átti sæti í laganefnd Lögmannafélags Íslands 2003-2005 og var skipuð *ad hoc* til setu í kærunefnd jafnréttismála í einu máli 2003. Árið 2004 kom hún að stofnun Félags kvenna í lögmenntu og var formaður félagsins starfsárið 2005-2006. Árin 2003-2006 sat hún í þrjú ár sem sérfræðingur í vísindasiðanefnd. Árið 2007 var hún skipuð til tveggja ára í fagråd hug- og félagsvísinda hjá Rannsóknamiðstöð Íslands og 2010 var hún kjörin formaður stjórnar og framkvæmdastjórnar Mannréttindaskrifstofu Íslands, einnig til tveggja ára, en hafði áður verið varaformaður stjórnar 2008-2010 og stjórnarmaður árið 2007. Umsækjandinn sat í yfirkjörstjórn Reykjavíkurkjördæmis suður í sex ár frá 2007-2013. Árið 2014 sat hún í tveimur þriggja manna kjörnefndum til að úrskurða um gildi sveitarstjórnarkosninga í Langanesbyggð og í Reykjavík. Hún var varaformaður kærunefndar útlendingamála í eitt ár frá 2015-2016 sem varð 50% starf þegar leið á tímabilið. Umsækjandinn hefur bæði unnið að gerð lagafrumvarpa og veitt umsagnir um drög að lagafrumvörpum. Frá því í maí 2015 þangað til í janúar 2018 var hún skipaður formaður álitnefndar vegna umsókna um skráningu trúfélags eða lífsskoðunarfélags. Hún var í ársbyrjun 2010 skipuð af forsætisráðherra í starfshóp um viðbrögð stjórnsýslunnar við skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis. Þá var hún á árinu 2012 ráðin í sérfræðingahóp á vegum stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis, sem falið var að fara yfir tillögur stjórnlagaráðs að nýrri stjórnarskrá og færa þær í búning lagafrumvarps. Einnig hefur umsækjandinn veitt sérstökum erindreka Sameinuðu þjóðanna á sviði réttinda fatlaðs fólks ráðgjöf. Bækur sem umsækjandinn hefur ritað eru *Nálægðarreglan, sviðum til mats og samband Mannréttindadómstóls Evrópu við Landsrétt* (2018) og *Equality and Non-Discrimination under the European Convention on Human Rights* (2003), en sú síðarnefnda er byggð á doktorsritgerð umsækjanda. Hún hefur ritað 42 bókakafla og greinar, en af þeim eru 36 ritrýndar og í átta þeirra getið um meðhöfunda. Af þessum 36 ritrýndu greinum og bókaköflum eru þrjár annað hvort endurútgáfur eða þýðingar af áður útgefnum verkum umsækjandans. Hefur nokkur fjöldi greinanna verið birtur á ensku í viðurkenndum erlendum tímaritum. Þá hefur hún flutt 75 fyrirlestra á námskeiðum,

fundum og ráðstefnum héraðs og erlendis. Af enn öðrum aukastörfum má nefna þátttöku í alþjóðlegu og innlendu rannsóknasamstarfi, formennsku í ráðstefnunefndum, ritstjórn og setu í ritnefnd nokkurra fræðiritna og tímarita á innlendum og erlendum vettvangi. Umsækjandinn hefur veitt leiðsögn í ritun fjölda kandidateitgerða, meistararitgerða auk leiðsagnar þriggja doktorsnema. Þá hefur hún setið í nefndum vegna starfa sinna innan Háskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík, m.a. setið í stjórn rannsóknarsjóðs og rannsóknarnámsnefnd lagadeildar Háskóla Íslands. Þá var hún forstöðumaður doktorsnáms við lagadeild Háskólans í Reykjavík frá 2010-2012. Einnig var hún formaður fagráðs félagsvísindasviðs Háskóla Íslands í um tvö ár frá október 2015, en var fyrst skipuð í ráðið ári fyrr. Hún var einnig formaður rannsóknarráðs lagadeildar Háskólans í Reykjavík í tvö ár, en var einnig fulltrúi lagadeildar í rannsóknarráði Háskólans í Reykjavík í eitt ár. Þá hefur hún verið andmælandi við doktorsvarnir fjögurra nema við erlenda háskóla og átt sæti í fjölda dómnefnda og valnefnda sem lögðu mat á hæfni starfsmanna við innlenda og erlenda háskóla og umsækjendur um doktorsnám. Umsækjandinn var formaður stjórnar Mannréttindastofnunar Háskóla Íslands 2013-2017. Þá var hún nefndarmaður í nefnd um veitingu áfrýjunar- og kæruleyfa fyrir Landsrétti í eitt ár frá 1. janúar 2018. Þá var hún árið 2012 skipuð í matsnefnd um styrkumsóknir úr rannsóknaráætlun Evrópusambandsins og hefur átt sæti í stýrihópum fjögurra alþjóðlegra rannsóknarnetverka. Einnig sat hún í ritrýninefnd Tímarits Lögréttu 2004-2006 og 2007-2008 og auk þess sinnt ritrýni fyrir ýmis innlend og erlend tímarit og greinasöfn. Umsækjandinn hefur verið á lista yfir varadómara Íslands við Mannréttindadómstól Evrópu frá maí 2014 og hefur tekið sæti sem dómari í þremur málum. Þá hefur hún verið sett varadómari við Hæstarétt Íslands í sex málum.

Þorgeir Ingi Njálsson er fæddur 27. apríl 1960 og er því 60 ára. Hann lauk embættisprófi í lögfræði vorið 1985 frá lagadeild Háskóla Íslands. Árið 2011 stundaði hann nám, án próftöku, í eftirtöldum greinum í meistaranámi við lagadeild Háskóla Íslands: Evrópurétti, evrópskum mannréttindareglum, vátryggingarétti, félagarétti II og stjórnsýslurétti III. Hann hefur auk þess sótt ýmis námskeið, m.a. um lögfræðileg efni, á vegum Endurmenntunarstofnunar Háskóla Íslands og annarra aðila. Hann öðlaðist réttindi til að flytja mál sem héraðsdómslögmaður 1989. Umsækjandinn var

fulltrúi sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu og bæjarfógetans á Sauðárkróki á árunum 1985-1987 og fulltrúi bæjarfógetans á Selfossi og sýslumannsins í Árnessýslu um tveggja og hálfis árs skeið á árunum 1987-1990. Hann var settur sýslumaður í Strandasýslu í skamman tíma 1988 og aftur 1989. Umsækjandinn var settur héraðsdómari við embætti bæjarfógetans á Selfossi og sýslumannsins í Árnessýslu nær óslitið frá hausti 1989 til 1. júlí 1992. Frá þeim tíma var hann skipaður héraðsdómari við Héraðsdóm Suðurlands og frá 1998 héraðsdómari við Héraðsdóm Reykjaness. Umsækjandi var dómstjóri þess dómstóls frá 1. maí 2008 til 1. júlí 2017 eða þar til hann var skipaður dómari við Landsrätt 8. júní 2017 og hefur hann gegnt því embætti frá stofnun dómstólsins 1. janúar 2018.

Honum var veitt leyfi frá starfi héraðsdómara í tæpt ár 1997-1998 og að nýju í rétt ár 2000-2001. Starfaði hann þá hjá umboðsmanni Alþingis við afgreiðslu mála og að auki sem skrifstofustjóri embættisins meðan á síðara leyfinu stóð. Á árunum 1999 og 2014 var hann skipaður til að vera umboðsmaður Alþingis í 11 málum þar sem hinn reglulegi umboðsmaður hafði vikið sæti. Auk þess var hann settur til að gegna embætti umboðsmanns Alþingis við hlið kjörins umboðsmanns frá 15. febrúar til 1. júlí 2014 og aftur frá 1. september til 31. desember 2017. Ennfremur fékk hann ársleyfi frá starfi héraðsdómara 2010-2011. Þá hefur hann tekið sæti sem varadómari í Hæstarétti í 14 málum auk þess sem hann var settur dómari við Hæstarétt í rúmar sex vikur í mars og apríl 2017.

Umsækjandinn átti sæti í félagsmálaráði og íþrótt- og tómstundaráði Selfoskaupstaðar 1990-1992. Þá sat hann á árabílinu 1996-2004 í bótanefnd samkvæmt lögum nr. 69/1995 um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota. Hafði hann með höndum formennsku í nefndinni 2000-2004. Hann var formaður endurskoðendaráðs 1998-2000. Hann var varamaður í prófnefnd vegna prófraunar verðandi hæstaréttarlögmanna 1999-2005 og tók á því tímabili nokkrum sinnum sæti í nefndinni. Þá tók hann sæti í áfrýjunarnefnd samkeppnismála í fjórum málum á árunum 2012-2016 og gegndi hann formennsku í þremur þeirra. Umsækjandinn var varamaður í gjafsóknarnefnd á árunum 2012-2015 og kom á þeim tíma að afgreiðslu um það bil 40 mála. Hann hefur verið varamaður í úrskurðarnefnd um upplýsingamál frá júní 2007, með sex mánaða hléi árið 2009, og tekið sæti í henni í 13 málum.

Umsækjandinn sat í dómstólaráði sem aðalmaður frá byrjun árs 2013 til 1. júlí 2017, en tók þar sæti rúmu ári áður í forföllum aðalmanns. Hann gegndi starfi formanns ráðsins fyrstu sex mánuði ársins 2013. Á árunum 2010-2011 sat hann í rannsóknarnefnd sem kirkjuþing þjóðkirkjunnar skipaði til að rannsaka viðbrögð og starfshætti kirkjunnar vegna ásakana á hendur fyrrverandi biskupi um kynferðisbrot. Frá árinu 2006 til 2013 hafði umsækjandinn með höndum kennslu í stjórnskipunarrétti við lagadeild Háskólans í Reykjavík og var hann aðjúntk við deildina 2007-2014. Vorið 2009 flutti hann þar fyrirlestra um ritun dóma á námskeiði um ritun dóma, úrskurða og stjórnvaldsákvarðana og í mars 2013 flutti hann fyrirlestur um málsmeðferð í einkamálum og samningu dóma á námskeiði fyrir héraðsdómara og aðstoðarmenn þeirra. Árin 1993-1999 var hann prófdómari í almennri lögfræði við lagadeild Háskóla Íslands. Auk þess sat hann í stjórn Mannréttindastofnunar Háskóla Íslands 2014-2017. Þá hefur hann setið í dómnefnd til að meta hæfi dósents til að hljóta framgang í starf prófessors. Í umsókn sinni greinir umsækjandinn frá fjórum greinum sem birtar hafa verið eftir hann í lögfræðitímariti, þar af eru tvær ritýndar. Ennfremur hefur hann flutt fræðileg erindi á opinberum vettvangi, meðal annars á dómsmálaþingi, auk þess sem hann hefur sinnt ritryni. Umsækjandinn sat í stjórn Dómarafélags Íslands 1994-1999 og í stjórn endurmenntunarsjóðs dómara 1998-2003. Þá var hann formaður fagráðs um endurmenntun dómara 2013-2017. Hann átti sæti í yfirkjörstjórn Suðurlandskjördæmis 1991-1999 og hefur bæði verið varafulltrúi í bæjarstjórn Sauðárkróks og Selfoskaupstaðar, annars vegar í eitt ár í bæjarstjórn Sauðárkróks frá 1986-1987 og hins vegar tvö ár í bæjarstjórn Selfoskaupstaðar frá 1990-1992. Um tíma sat hann í stjórn HSÍ, áfrýjunardómstól þess sérsambands og aganefnd KKÍ.

5. Mat á umsækjendum

5.1. Menntun og framhaldsmenntun

Aðalsteinn E. Jónasson lauk embættisprófi frá lagadeild Háskóla Íslands í febrúar 1992. Hann lauk meistaranámi við lagadeild Harvard háskóla með áherslu á löggjöf á fjármagnsmarkaði árið 2000. Auk þess hefur hann sótt ýmis námskeið héraðs og erlendis.

Ása Ólafsdóttir lauk embættisprófi í lögfræði frá lagadeild Háskóla Íslands vorið 1996. Hún lauk meistaranámi við Cambridge háskóla í Bretlandi og útskrifaðist þaðan með meistarapróf í lögum árið 2000.

Björg Thorarensen lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 1991 og LL.M. námi við Edinborgarháskóla í Bretlandi árið 1993.

Davíð Þór Björgvinsson lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands í júní 1985 og LL.M. námi við Duke háskóla í Bandaríkjunum í maí 1987. Hann lauk einnig doktorsgráðu í lögum frá háskólanum í Strassborg í október 2013. Áður en hann lauk embættisprófi í lögum hafði hann lokið BA-prófi í sagnfræði sem aðalgrein og heimspeki sem aukagrein frá Háskóla Íslands.

Oddný Mjöll Arnardóttir lauk embættisprófi í lögfræði frá lagadeild Háskóla Íslands 1994. Að auki lauk hún doktorsprófi í lögfræði frá Edinborgarháskóla 2002. Hún hefur einnig sótt ýmis námskeið hérlandis og erlendis.

Þorgeir Ingi Njálsson lauk embættisprófi í lögfræði vorið 1985 frá lagadeild Háskóla Íslands. Árið 2011 stundaði hann meistaranám, án próftöku, við lagadeild Háskóla Íslands. Hann hefur auk þess sótt ýmis námskeið um lögfræðileg efni.

5.1.1. Menntun og framhaldsmenntun – samanburður

Að virtu því, sem að framan greinir, er það mat dómnefndar að *Davíð Þór* og *Oddný Mjöll* standi frammar öðrum umsækjendum í þeim þætti hæfnismatsins er lýtur að menntun, en þau hafa bæði lokið doktorsprófi. Stendur *Davíð Þór Oddnýju Mjöll* aðeins frammar þar sem hann hefur til viðbótar meistarapróf í framhaldsnámi og BA-próf í sagnfræði með heimspeki sem aukagrein. Næst þeim koma *Aðalsteinn*, *Ása* og *Björg* en þau hafa hlotið viðbótarmeistaragráðu í lögfræði í framhaldsnámi. *Þorgeir Ingi* stendur framantöldum að baki í þessum þætti hæfnismatsins.

5.2. Reynsla af dómstörfum

Aðalsteinn E. Jónasson hefur verið dómari við Landsrétt frá 1. janúar 2018, eða í tæp þrjú ár. Hann var settur dómari við Hæstarétt í sjö málum árið 2018.

Ása Ólafsdóttir var settur dómari við Landsrétt um fjögurra mánaða skeið á árinu 2020. Þá var umsækjandi settur dómari í 9 málum Landsréttar í september 2020. Hún var settur dómari við Hæstarétt Íslands í átta málum árið 2018. Auk þess átti hún

þátt í ákvarðanatöku um hvort veita eigi áfrýjunarleyfi í einu máli réttarins 2019. Hún hefur tekið þátt í meðferð fimm mála við EFTA-dómstólinn.

Björg Thorarensen var settur dómari við Landsrétt í sex mánuði á árinu 2020.

Davíð Þór Björgvinsson hefur verið dómari við Landsrétt í rúmlega tvö ár, en hann tók við embættinu þann 1. október 2018. Hann var dómari við Mannréttindadómstól Evrópu í níu ár 2004-2013 og áður settur dómari í tveimur málum þar. Þá var hann aðstoðarmaður dómara við EFTA-dómstólinn í samtals tæplega sjö ár, fyrst 1993-1996 og síðar 1999-2003. Hann var settur dómari við Hæstarétt á tímabilinu 15. janúar til 28. febrúar 2017. Hann var fulltrúi yfirborgardómara í Reykjavík í rúmlega eitt og hálf ár, 1987-1988. Þá hefur hann nokkrum sinnum setið í gerðardómi og verið oddamaður í starfsráði (gerðardómi) Félags íslenskra atvinnuflugmanna og Icelandair frá miðju ári 2018. Þá hefur hann verið dómkvaddur matsmaður í fjölda skaðabótamála vegna mats á örorku.

Oddný Mjöll Arnardóttir hefur verið dómari við Landsrétt frá 1. janúar 2018, eða í tæp þrjú ár. Hún hefur verið settur dómari við Mannréttindadómstól Evrópu í þremur málum. Þá hefur hún verið sett varadómari við Hæstarétt Íslands í sex málum.

Þorgeir Ingi Njálsson hefur verið dómari við Landsrétt frá 1. janúar 2018, eða í tæp þrjú ár. Hann var fulltrúi sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu og bæjarfógetans á Sauðárkróki í tvö ár á árunum 1985-1987 og fulltrúi bæjarfógetans á Selfossi og sýslumannsins í Árnessýslu um tveggja og hálf ár skeið árabílinu 1987-1990. Hann var settur héraðsdómari við embætti bæjarfógetans á Selfossi og sýslumannsins í Árnessýslu í tæp þrjú ár á árunum 1989-1992. Hann var skipaður héraðsdómari í um 25 ár frá 1992-2017 fyrst við Héraðsdóm Suðurlands og síðan við Héraðsdóm Reykjaness. Hann hefur tekið sæti sem varadómari í Hæstarétti í 14 málum auk þess sem hann var settur dómari við Hæstarétt í rúmar sex vikur í mars og apríl 2017.

5.2.1. Reynsla af dómstörfum – samanburður

Samkvæmt framansögðu hafa allir umsækjendur einhverja reynslu af dómstörfum þótt í mismiklum mæli sé. Við mat á hæfni þeirra að því er þennan þátt varðar er fyrst og fremst litið til starfstíma þeirra sem skipaðra eða settra dómara þar sem þau leystu úr málum á eigin ábyrgð. Einnig verður horft til starfa umsækjenda sem fulltrúar eða aðstoðarmenn dómara þótt þau störf hafi mun minna vægi en störf

sjálfstætt starfandi dómara. Fjórir af umsækjendum hafa starfað sem skipaðir dómarar við Landsrétt, en reynsla af störfum við þann dómstól hlýtur eðli máls samkvæmt að vega þyngra en reynsla af dómstörfum í héraði. Þá hefur einn umsækjandi verið skipaður dómari við Mannréttindadómstól Evrópu og auk þess setudómari við Mannréttindadómstólinn í tveimur málum. Annar umsækjandi hefur verið setudómari við Mannréttindadómstól Evrópu í þremur málum. Eins og tekið er fram í umsögn dómnefndar frá 22. september 2015, þar sem lagt var mat á hæfni umsækjenda um embætti hæstaréttardómara, er hlutverk Mannréttindadómstólsins einkum að skýra reglur sáttmálans með hliðsjón af landsrétti einstakra aðildarríkja. Starfssviðið þar er því sérstaks eðlis og að sumu leyti þrengra en hjá íslenskum dómstólum, sem leysa úr málum á öllum réttarsviðum og yfirleitt á grundvelli íslenskra laga, auk þess sem réttarfarið fyrir hinum fjölþjóðlega dómstól er frábrugðið því sem hér gildir. Af þeim sökum verður reynsla af dómstörfum við þann dómstól ekki að fullu lögð að jöfnu við reynslu af því að starfa við íslenska dómstóla. Loks er í þessum matsþætti höfð hliðsjón af reynslu umsækjenda af því að hafa setið sem varadómarar í einstökum málum í Hæstarétti og tekið þátt í störfum annarra fjölskipaðra dómstóla, þ. á m. gerðardóma.

Að öllu þessu virtu telst *Dorgeir Ingi* standa fremstur umsækjenda í þessum þætti hæfnismatsins. Það sem vegur þyngst í því efni eru störf hans sem héraðsdómari í meira en 25 ár og landsréttardómari í tæp þrjú ár, auk þess sem hann var settur hæstaréttardómari í einn og hálfan mánuð. Næstur honum kemur *Davíð Þór*, sem var dómari við Mannréttindadómstól Evrópu í níu ár, hefur verið landsréttardómari í rúmlega tvö ár og var settur dómari við Hæstarétt í einn og hálfan mánuð auk þess að hafa fjölbreytta reynslu af dómstörfum. Þá koma *Aðalsteinn* og *Oddný Mjöll* sem hafa verið landsréttardómarar í tæp þrjú ár, en að auki hefur *Oddný Mjöll* verið setudómari við Mannréttindadómstól Evrópu í þremur málum. Reynsla *Ásu* og *Bjargar* af dómstörfum er minni en annarra umsækjenda.

5.3. Reynsla af lögmanns- og málflutningsstörfum

Aðalsteinn E. Jónasson hlaut réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi 1993 og Hæstarétti 1998. Hann hóf störf að loknu embættisprófi 1992 sem fulltrúi á lögmannsstofu og frá 1993 sem sjálfstætt starfandi lögmaður. Árshlé varð á

lögmannsstörfum vegna framhaldsnáms 1999-2000. Á tímabilinu frá 2000-2010 vann hann ýmist í hálfu eða fullu starfi sem lögmaður, þ. á m. hjá tveimur bönkum og fjárfestingafélagi meðfram störfum sínum við Háskólann í Reykjavík. Verður miðað við að sá þáttur sem snýr að lögmennsku á þessu tímabili hafi tekið yfir sem næst helming þess. Árið 2010 hóf hann að nýju störf sem lögmaður í fullu starfi. Reynsla hans af lögmennsku spannar því tæp 20 ár, þar af sem héraðsdóms- og hæstaréttarlögmaður í nærfellt 19 ár. Auk þess að flytja fjölda mála fyrir héraðsdómi og Hæstarétti hefur umsækjandinn annast almenn ráðgjafastörf fyrir fyrirtæki, samtök fjármálafyrirtækja, stjórnvöld, sveitarfélög og stofnanir. Þá veitti hann skilanefndum föllnu bankanna ráðgjöf.

Ása Ólafsdóttir öðlaðist réttindi til að flytja mál fyrir héraðsdómi 1998 og Hæstarétti 2005. Hún starfaði sem fulltrúi á lögmannsstofu á árunum 1996-1997 og frá 1998 til 2008 sem sjálfstætt starfandi lögmaður. Kveðst umsækjandinn hafa sinnti tilfallandi lögmannsstörfum meðfram öðrum störfum frá 2008 og þar til hún lagði inn málflutningsréttindi sín 2012. Reynsla hennar af starfi á lögmannsstofu spannar því um 12 og hálf ár, þar af sem héraðsdóms- og hæstaréttarlögmaður í 11 ár auk þess sem hún sinnti tilfallandi lögmannsstörfum í fjögur ár eftir þann tíma. Þó var hún síðustu tvö árin í 30% starfi sem lektor við Háskóla Íslands. Þá stundaði hún nám erlendis í um níu mánuði á framangreindu tímabili. Verður miðað við að hún hafi stundað lögmennsku í 11 ár á þessu tímabili. Umsækjandi flutti fjölda mála fyrir dómstólum, rak mál fyrir stjórnvöldum og var skipaður skiptastjóri við opinber skipti dánarbúa og við gjaldþrotaskipti auk þess sem hún sinnti ráðgjöf við sveitarfélög, félagasamtök og fyrirtæki. Þá var hún verjandi og réttargæslumaður brotþola í fjölmörgum sakamálum. Í umsókn kemur fram að hún hefur veitt ýmsa lögfræðilega ráðgjöf samhliða aðalstarfi sínu við Háskóla Íslands.

Björg Thorarensen öðlaðist réttindi sem héraðsdómslögmaður árið 1997. Hún var umboðsmaður ríkisstjórnar Íslands við Mannréttindadómstól Evrópu fyrst 1999-2005 og svo aftur 2009-2011. Í rúm 20 ár, á árunum 1992-2013 samdi umsækjandi allar greinargerðir íslenska ríkisins sem lagðar voru fram í kærumálum gegn Íslandi hjá Mannréttindadómstól Evrópu. Þá flutti hún eitt mál munnlega fyrir dómstólnum. Þá samdi hún fjórar greinargerðir íslenska ríkisins í kærumálum hjá Mannréttindanefnd

Sameinuðu þjóðanna í Genf. Í umsókn kemur fram að umsækjandi hafi veitt ýmsa lögfræðilega ráðgjöf samhliða starfi sínu sem prófessor.

Davíð Þór Björgvinsson starfaði að loknu laganámi á lögmannsstofum í rúmlega eitt ár, 1985-1986. Hann flutti tvö prófmál fyrir héraðsdómi. Þá var hann um fjögurra ára skeið settur ríkissaksóknari til að veita endurupptökunefnd umsögn vegna beiðna um endurupptöku viðamikilla sakamála og reka málin fyrir Hæstarétti eftir að úrskurðir endurupptökunefndar voru kveðnir upp. Umsækjandi getur í umsókn sinni um ýmsa lögfræðilega ráðgjöf sem hann hefur veitt samhliða aðalstörfum sínum.

Oddný Mjöll Arnardóttir hlaut réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi 1995. Umsækjandinn vann sem fulltrúi á lögmannstofu á árunum 1994-1996. Hún var sjálfstætt starfandi lögmaður í fjögur ár 2002-2006. Reynsla hennar af lögmennsku spannar því rúmlega sex ár, þar af sem héraðsdómslögmaður í fimm ár. Umsækjandinn flutti mál fyrir héraðsdómi og rak mál fyrir stjórnvöldum. Fékkst hún einkum við viðfangsefni á sviðum stjórnvöldaréttar, skaðabótaréttar, vinnuréttar, barnaréttar, sifjaréttar, erfðaréttar og fullnustaréttarfars auk þess sem hún sinnti verkefnum á sviði samninga- og kröfuréttar, eignaréttar og félagaréttar.

Þorgeir Ingi Njálsson öðlaðist réttindi til að flytja mál sem héraðsdómslögmaður 1989.

5.3.1. *Reynsla af lögmanns- og málflutningsstörfum – samanburður*

Fjórir af sex umsækjendum hafa fengist við lögmanns- og málflutningsstörf en þó í mislangan tíma. Við samanburð á hæfni þeirra vegna reynslu af þeim störfum er einkum litið til þess hve langan feril þau eiga að baki sem sjálfstætt starfandi lögmennt, en einnig horft til þess hvort störfin hafi verið fjölbreytileg þannig að þau hafi fengist við mál á sem flestum réttarsviðum. Einnig verður höfð hliðsjón af störfum umsækjenda á lögmannsstofum áður en þau fengu lögmannsréttindi, en sú reynsla vegur þó tiltölulega lítið. Þá er tekið mið af því að sumir umsækjenda sinntu öðrum viðfangsefnum samhliða lögmannsstörfum, en þau koma til mats í viðeigandi þáttum hæfnismats, svo sem viðamikil stjórnvöldaréttir og kennsla.

Með skírskotun til þess, sem að framan segir, stendur *Aðalsteinn* fremstur umsækjenda í þessum þætti hæfnismats, en hann hefur starfað sem lögmaður á ólíkum

réttarsviðum í 19 ár. Þar á eftir kemur *Ása* sem var sjálfstætt starfandi lögmaður í 11 ár. Á eftir henni kemur *Oddný Mjöll* sem starfaði sjálfstætt sem lögmaður um nokkurra ára skeið. Reynsla *Bjargar* af greinargerðarskrifum og málflutningi fyrir íslenska ríkið fyrir Mannréttindadómstól Evrópu í tuttugu ár kemur til mats í þessum þætti hæfnismatsins og verður að telja að leggja beri að jöfnu þá reynslu hennar og stutta reynslu *Davíðs Þórs* af störfum á lögmannsstofum og starfi hans sem settur ríkissaksóknari. *Þorgeir Ingi* hefur ekki starfað sem lögmaður.

5.4. Reynsla af stjórnarsýslustörfum

Hér á eftir verða rakin helstu stjórnarsýslustörf sem umsækjendur hafa haft með höndum.

Aðalsteinn E. Jónasson hefur verið varaformaður stjórnar Persónuverndar frá október 2007 eða í 13 ár. Varaformaður er einn af fimm föstum aðalmönnum í stjórn stofnunarinnar og hefur hann tekið við sem formaður stjórnar í forföllum formanns, eitt sinn um lengri tíma. Umsækjandinn var formaður úrskurðarnefndar verðbréfamiðstöðva 2009-2013, en nefndin kvað upp þrjá úrskurði á tímabilinu. Frá apríl 2009 til mars 2010 starfaði hann fyrir rannsóknarnefnd Alþingis sem hafði það hlutverk að rannsaka aðdraganda og orsakir falls bankanna haustið 2008. Þá hefur hann í tvígang verið settur formaður nefndar um dómaraströf. Hann hefur jafnframt setið í kennsluþróunarráði, námsþróunarráði og rannsóknarráði Háskólans í Reykjavík.

Ása Ólafsdóttir var aðstoðarmaður dóms- og kirkjumálaráðherra, síðar dómsmála- og mannréttindaráðherra, um eins og hálfis árs skeið á árunum 2009-2010. Hún hefur verið formaður í mörgum úrskurðarnefndum sem starfa á vegum stjórnarsýslunnar. Árin 2005-2009, var hún formaður áfrýjunarnefndar neytendamála. Á árunum 2010-2012 var hún formaður úrskurðarnefndar um félagsþjónustu og húsnæðismál. Árin 2013-2015 var hún formaður nefndar um skráningu trúfélaga. Á árunum 2012-2015 var hún formaður gjafsóknarnefndar. Frá árinu 2015 hefur hún verið varamaður formanns nefndarinnar og tekið þátt í afgreiðslu fjölda mála. Á árinu 2012 tók umsækjandinn sæti í óbyggðarnefnd og hefur hún verið formaður nefndarinnar frá 2016. Þá hefur hún setið í fjölmörgum úrskurðarnefndum á vegum stjórnarsýslunnar. Árin 2003-2007 var hún nefndarmaður í kærunefnd jafnréttismála. Þá

var hún varaformaður úrskurðarnefndar hollustuhátta og mengunarvarnamála árin 2006-2012. Umsækjandinn var varaformaður eftirlitsnefndar fasteignasala á árunum 2010-2019. Varamaður í úrskurðarnefnd Viðlagatrygginga 2016-2018 og varaformaður í endurupptökunefnd 2017-2020. Hún hefur verið ritstjóri og í stjórn Lagasafns frá 2011. Einnig hefur umsækjandinn verið nefndarmaður í réttarfarsnefnd frá 2012. Haustið 2014 var hún lögfræðilegur ráðgjafi framkvæmdahóps stjórnvalda um afnám gjaldeyrishafta og var síðar ráðgjafi Seðlabankans meðal annars við mat á því hvort stöðugleikaframlög hinna föllnu fjármálafyrirtækja uppfylltu íslensk lög. Umsækjandinn var formaður nefndar sem skipuð var af dómsmálaráðherra í apríl 2019 um rannsókn og saksókn skattalagabrota og er nú formaður vinnuhóps dómsmála- og fjármálaráðherra sem falið var að gera tillögur í frumvarpsformi um fyrirkomulag saksóknar skattalagabrota. Einnig hefur hún setið í nefnd um dómaraströf, fyrst sem varamaður frá árinu 2011, en sem aðalmaður frá 2013. Þá var hún skipuð af dómsmálaráðherra í vinnuhóp um kosti og galla þess að koma á fót millidómstigi árið 2010, skipuð af fjármálaráðherra í starfshóp sem var falið að kanna hvort unnt væri að hefja og reka skaðabótamál á hendur lögaðilum eða einstaklingum sem hefðu valdið ríkinu eða almenningi í landinu fjárhagslegu tjóni með athöfnum sínum í aðdraganda og kjölfar bankahrunsins árið 2009 og af forsætisráðherra í starfshóp árið 2009 sem síðar samdi frumvarp um sanngirnissætur vegna misgjörða á vistheimilum fyrir börn. Umsækjandinn hefur átt sæti í ýmsum nefndum og ráðum á vegum Háskóla Íslands, þ. á m. situr hún í stjórn styrktarsjóða skólans. Árið 2017 varð hún formaður stjórnar Lagastofnunar.

Björg Thorarensen var starfsmaður í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu frá 1991-1992, en þá var hún starfsmaður nefndar sem undirbjó gildistöku laga nr. 92/1989 um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði og nýrrar heildarlöggjafar á sviði réttarfars. Árin 1995-1996 var hún lögfræðingur á lagaskrifstofu sama ráðuneytis þar til hún var skipuð skrifstofustjóri á löggæslu- og dómsmálaskrifstofu ráðuneytisins seinni hluta árs 1996. Fimm árum síðar var hún skipuð skrifstofustjóri lagaskrifstofu ráðuneytisins og gegndi hún því starfi til ársins 2002. Hún hefur verið formaður stjórnar Persónuverndar frá 2011. Umsækjandinn hefur einnig setið í fjölda nefnda á

vegum stjórnsýslunnar. Þannig var hún formaður nefndar samkvæmt 27. gr. laga nr. 70/1996 árin 2002-2008, formaður nefndar dómsmálaráðherra um meðferð hælisumsókna 2009, formaður stjórnar Hafréttarstofnunar Íslands, formaður nefndar forsætisráðherra til að kanna réttarstöðu samkynhneigðs fólks. Þá hefur umsækjandi sinnt fjölbreytilegum stjórnsýslustörfum innan Háskóla Íslands og á vegum lagadeildar skólans. Þannig var hún formaður kjörstjórnar vegna rektorskjörs árið 2015 og formaður kæruneftndar í málefnum nemenda við Háskóla Íslands 2017-2020.

Davíð Þór Björgvinsson hefur verið formaður fjögurra nefnda á vegum Stjórnarráðsins og setið í tveimur til viðbótar. Í þeim nefndum þar sem hann gegndi formennsku var það frá liðlega hálfu ári til tveggja og hálfis árs. Hann hefur jafnframt tekið sæti *ad hoc* í þremur úrskurðarneftndum á stjórnsýslustigi. Um er að ræða fjögur mál í áfrýjunarneftnd vörumerkjamála, eitt í kæruneftnd jafnréttismála og eitt í kæruneftnd vegna sveitarstjórnarkosninga. Þá veitti hann um skeið umboðsmanni Alþingis aðstoð við afgreiðslu einstakra mála 1990-1993 og 1997-1998. Hann var formaður fagráðs lögreglu 2014-2019, sat í vísindasiðaneftnd í eitt ár 1998-1999, refsiréttarneftnd í þrjú ár 1996-1999 og var formaður stjórnar Mannréttindastofnunar Háskóla Íslands í sex ár 1998-2004. Þá var hann settur ríkissaksóknari til að veita endurupptökuneftnd umsögn vegna beiðna um endurupptöku viðamikilla sakamála og reka málin fyrir Hæstarétti eftir að úrskurðir endurupptökuneftndar voru kveðnir upp 2014-2018.

Oddný Mjöll Arnardóttir var skipuð *ad hoc* til setu í kæruneftnd jafnréttismála í einu máli 2003. Árin 2003-2006 sat hún í þrjú ár sem sérfræðingur í vísindasiðaneftnd. Hún var formaður fagráðs félagsvísindasviðs Háskóla Íslands í um tvö ár frá október 2015, en var fyrst skipuð í ráðið ári fyrr. Hún var einnig formaður rannsóknarráðs lagadeildar Háskólans í Reykjavík í tvö ár, en var einnig fulltrúi lagadeildar í rannsóknarráði Háskólans í Reykjavík í eitt ár. Árið 2007 var hún skipuð til tveggja ára í fagråd hug- og félagsvísinda hjá Rannsóknamiðstöð Íslands til tveggja ára. Umsækjandinn sat í yfirkjörstjórn Reykjavíkurborgar suður í sex ár frá 2007-2013. Árið 2014 sat hún í tveimur þriggja manna kjörneftndum til að úrskurða um gildi sveitarstjórnarkosninga í Langanesbyggð og í Reykjavík. Hún var varaformaður kæruneftndar útlendingamála í eitt ár frá 2015-2016 sem varð 50% starf þegar leið á

tímabilið. Frá því í maí 2015 þangað til í janúar 2018 var hún skipaður formaður álitnefndar vegna umsókna um skráningu trúfélags eða lífsskoðunarfélags. Hún var í ársbyrjun 2010 skipuð af forsætisráðherra í starfshóp um viðbrögð stjórnýslunnar við skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis. Þá hefur hún setið í nefndum vegna starfa sinna innan Háskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík, svo sem verið formaður stjórnar Mannréttindastofnunar Háskóla Íslands og setið í stjórn rannsóknarsjóðs og rannsóknarnámsnefnd Háskóla Íslands. Þá var hún forstöðumaður doktorsnáms við lagadeild Háskólans í Reykjavík frá 2010-2012.

Þorgeir Ingi Njálsson var fulltrúi sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu og bæjarfógetans á Sauðárkróki í tvö ár á árunum 1985-1987 og fulltrúi bæjarfógetans á Selfossi og sýslumannsins í Árnessýslu um tveggja og hálfis árs skeið árábilinu 1987-1990. Hann hefur starfað hjá umboðsmanni Alþingis samtals um tveggja ára skeið, fyrst á árunum 1997-1998 og svo frá 2000-2001 er hann var skrifstofustjóri hjá embættinu. Þá var hann settur umboðsmaður um fimm mánaða skeið á árinu 2014 og um fjögurra mánaða skeið á árinu 2017. Þá hefur hann verið skipaður umboðsmaður við meðferð 14 mála frá árinu 1999. Umsækjandinn sat í dómstólaráði sem aðalmaður 2013-2017, þar af sem formaður í sex mánuði á árinu 2013. Hann hafði áður verið varamaður í ráðinu frá 2011. Hann sat í bótanefnd samkvæmt lögum nr. 69/1995 á árunum 1996-2004, var formaður endurskoðendaráðs 1998-2000 og varamaður í prófnefnd fyrir lögmenn. Þá var hann skipaður *ad hoc* til setu í áfrýjunarnefnd samkeppnismála í fjórum málum á árunum 2012-2016. Hann var varamaður í gjafsóknarnefnd 2012-2015 og varamaður í úrskurðarnefnd um upplýsingamál 2007-2017.

5.4.1. Reynsla af stjórnýslustörfum – samanburður

Í þessum þætti hæfnismats hafa allir umsækjendur greint frá störfum sem geta falið í sér reynslu af stjórnýslustörfum. Þrír umsækjenda hafa gegnt stjórnýslustarfi sem aðalstarfi um lengri eða skemmri tíma, en enginn umsækjenda hefur þó starfað innan stjórnýslunnar í aðalstarfi meiri hluta starfsævinnar og hefur það áhrif á matið. Í mörgum tilvikum hafa þau störf, sem hér um ræðir, verið innt af hendi samhliða aðalstarfi og vega þar af leiðandi ekki eins þungt við mat á hæfni vegna stjórnýslureynslu. Þó skiptir máli hvort slík störf nýtist dómaraefni, sbr. 2. tölulið 4.

gr. reglna nr. 620/2010, svo sem seta í úrskurðarnefndum er halda má fram að verði að nokkru leyti lögð að jöfnu við dómstörf. Þá er Háskólinn í Reykjavík rekinn sem sjálfseignarstofnun þar sem aðeins reynir á reglur stjórnsýsluréttar með óbeinum hætti. Einnig fylgja störfum settra saksóknara lítill stjórnsýsluverkefni í samanburði við önnur störf innan stjórnsýslunnar. Eins og endranær verður litið til framangreindra starfa og þeim gefið vægi eftir umfangi, fjölbreytni og lengd starfstíma.

Að öllu þessu virtu er það mat dómnefndar að *Björg* standi fremst umsækjenda að því er varðar stjórnsýslureynslu, einkum vegna starfs hennar sem skrifstofustjóri í dómsmálaráðuneytinu í sex ár og fyrri starfa hennar í ráðuneytinu og vegna formennsku hennar í stjórn Persónuverndar í níu ár. Næstur henni kemur *Þorgeir Ingi*, sem hefur öðlast mikla reynslu af stjórnsýslu sem settur umboðsmaður Alþingis og skrifstofustjóri umboðsmanns auk þess sem hann hefur sinnt fjölda aukastarfa innan stjórnsýslunnar. Þá *Ása* sem var aðstoðarmaður dómsmálaráðherra í eitt og hálf ár og hefur sinnt mjög umfangsmiklum aukastörfum í stjórnsýslunni samhliða aðalstarfi sínu. Á eftir henni kemur *Aðalsteinn* og loks koma *Davíð Þór* og *Oddný Mjöll*, en leggja verður reynslu þeirra á þessu sviði að jöfnu.

5.5. *Reynsla af fræðistörfum o.fl.*

5.5.1. *Kennsla á háskólastigi og önnur akademísk störf*

Aðalsteinn E. Jónasson var lektor í hálfu starfi við lagadeild Háskólans í Reykjavík árin 2002-2006, en í fullu starfi í fimm mánuði 2007. Frá ársbyrjun 2008 til miðs árs 2011 var hann dósent í fullu starfi við deildina. Í störfum sínum fyrir hana annaðist umsækjandinn fyrst og fremst kennslu í samninga-, skaðabóta- og kröfurétti annars vegar og verðbréfamarkaðsrétti hins vegar. Þá hafði hann umsjón með BA-ritgerðum og meistararitgerðum auk þess sem hann var reglulega prófdómari á þessu tímabili. Áður en umsækjandinn hóf störf hjá lagadeild Háskólans í Reykjavík var hann stundakennari við lagadeild Háskóla Íslands 2001-2002 auk þess að hafa umsjón með lokaritgerðum. Hann annaðist kennslu á námskeiðum Lögmannafélags Íslands og á námskeiði fyrir verðbréfamiðlara 2000-2003. Kennsluferill umsækjandans spannar þannig níu ár, þar af fjögur ár í fullu starfi.

Ása Ólafsdóttir hefur kennt við lagadeild Háskóla Íslands frá árinu 2004, fyrst í hlutastarfi en í fullu starfi frá árinu 2008. Hún var þó í 50% starfshlutfalli hluta árána

2009 og 2010 er hún gegndi starfi aðstoðarmanns ráðherra. Umsækjandinn fékk framgang í stöðu dósentis 2012 og prófessors 2018. Helstu kennslugreinar hafa verið fjármunaréttur og réttarfar. Þá hefur hún haft umsjón með ritun BA-ritgerða og meistararitgerða. Hún hefur einnig kennt einstök námskeið við Viðskiptaháskólann á Bifröst og Háskólann í Reykjavík auk þess sem hún hefur kennt við ULL-háskólann og Carlos III Madrid háskólann á Spáni. Hún annaðist kennslu á námskeiði til öflunar héraðsdómslögmannsréttinda 2005-2014, á löggildingarnámskeiði fasteigna-, fyrirtækja- og skipasala með hléum árin 1998-2010. Þá hefur hún kennt á fjölda annarra námskeiða. Kennsluferill hennar spannar því 16 ár, þar af 10 ár í fullu starfi, af þeim sex ár sem dósent og tvö ár sem prófessor.

Björg Thorarensen hefur kennt við lagadeild Háskóla Íslands frá árinu 1994 fyrst í hlutastarfi, en í fullu starfi eftir að hún tók við prófessorsstöðu við deildina á árinu 2002. Helstu kennslugreinar hafa verið stjórnskipunarréttur og þjóðaréttur, alþjóðleg mannréttindi og persónuverndarréttur. Þá hefur hún haft umsjón með ritun fjölda BA-ritgerða og meistararitgerða auk þess að vera leiðbeinandi í þremur doktorsritgerðum. Þá hefur hún kennt á námskeiðum og haldið mikinn fjölda fyrirlestra á ráðstefnum, málþingum og fræðafundum á Íslandi og erlendis. Kennsluferill hennar spannar því 26 ár, þar af 18 ár í fullu starfi sem prófessor.

Davíð Þór Björgvinsson var dósent við lagadeild Háskóla Íslands í tæplega fimm ár á árunum 1989-1993 og prófessor við sömu deild í sjö ár á tímabilinu 1996-2003, þar af í leyfi frá störfum í tæplega fjögur ár. Þá var hann prófessor við lagadeild Háskólans í Reykjavík í rúmlega níu ár, í fullu starfi í eitt ár 2003-2004 og fjórðungs starfshlutfalli í sem næst átta ár 2005-2013. Kennsla hans á árunum 1993-1996 virðist hafa verið óveruleg. Frá byrjun árs 2014 til loka árs 2015 var hann prófessor í fullu starfi við lagadeild Kaupmannahafnarháskóla og jafnframt prófessor við lagadeild Háskóla Íslands í 49% starfshlutfalli frá sama tíma og út árið 2017. Hann kenndi við Háskólann á Akureyri og starfaði sem gestakennari við Háskólann í Flórens í þrjá mánuði. Kennslugreinar hans hafa verið á mörgum sviðum lögfræði. Umsækjandinn hefur einnig verið leiðbeinandi við ritun fjölda kandidateis- og meistararitgerða og fimm doktorsritgerða. Þá hefur hann haldið mikinn fjölda fyrirlestra á ráðstefnum og

málþingum. Kennsluferill hans spannar 32 ár, fyrst sem dósent og síðar sem prófessor, en þó hefur hann ekki verið í fullu starfi nema hluta þessa tímabils.

Oddný Mjöll Arnardóttir var aðjúntkt í hlutastarfi á sviði lögfræði við Háskólann á Bifröst 1999-2000 og 2005 var hún stundakennari við Háskólann í Reykjavík. Hún var prófessor við sama skóla frá 2006-2012, fyrstu sex mánuðina í hálfu starfi en síðan í fullu starfi. Frá 2012-2018 var hún prófessor við lagadeild Háskóla Íslands, en haustönn 2014 var hún gestaprófessor við Kaupmannahafnarháskóla. Frá 2018 hefur hún gegnt stöðu rannsóknarprófessors við Háskóla Íslands. Helstu kennslugreinar hafa verið hafa verið evrópsk mannréttindi, alþjóðleg mannréttindi, vinnuréttur og aðferðarfræðileg inngangsnámskeið. Þá hefur hún haft umsjón með ritun BA-ritgerða og meistararitgerða auk þess að vera leiðbeinandi í þremur doktorsritgerðum. Umsækjandinn hefur þrisvar sinnum verið gestakennari á doktorsnemanámskeiðum við erlenda háskóla og kennt á námskeiðum annarra aðila hér á landi og erlendis. Á árunum 2000-2017 var hún kennari á námskeiði til öflunar héraðsdómslögmannsréttinda. Kennsluferill umsækjandans spannar því 14 ár, þar af 12 ár í fullu starfi sem prófessor.

Þorgeir Ingi Njálsson kenndi við Háskólann í Reykjavík á árunum 2006-2014. Þá hefur hann flutt fyrirlestra á námskeiðum og ráðstefnum og verið prófdómari. Kennsluferill umsækjandans spannar því 8 ár og hefur kennsla verið aukastarf.

5.5.1.1. Kennsla á háskólastigi og önnur akademísk störf – samanburður

Þegar horft er til þess, sem að framan er rakið, hefur *Björg* sinnt kennslu í 26 ár og þar af verið prófessor í fullu starfi í 18 ár og stendur hún öðrum umsækjendum því framar í þessum matsþætti. *Davíð Þór* og *Oddný Mjöll* koma næst. *Davíð Þór* hefur fengist við kennslu í lögfræði á háskólastigi í um 32 ár, þar af sem prófessor um árabíl, þó hann hafi aðeins hluta þess tíma haft kennslu að aðalstarfi. *Oddný Mjöll* hefur fengist við kennslu í 14 ár, þar af 12 ár í fullu starfi sem prófessor. Á eftir þeim kemur *Ása* sem kennt hefur lögfræði á háskólastigi í 16 ár en á þessum tíma hefur hún haft kennslu að aðalstarfi í 10 ár, þar af tvö ár sem prófessor. Næst kemur *Aðalsteinn* sem hefur sinnt kennslu í níu ár, þar af fjögur ár í fullu starfi. Þá kemur *Þorgeir Ingi* sem sinnt hefur kennslu meðfram öðrum störfum um árabíl.

5.5.2. Útgefnar greinar og bækur, ritstjórn o.fl.

Aðalsteinn E. Jónasson hefur ritað tvær lögfræðibækur, *Viðskipti með fjármála-gerninga* (2009), en bókin er að hluta til byggð á áður birtum fræðigreinum, og *Markaðssvik* (2017). Hluti bókarinnar er endurskoðun á fyrri bók, en að meirihluta nýtt efni. Auk þess getur umsækjandinn um þrjá bókakafla um lögfræðileg efni, sem hafa verið birtir í íslenskum og erlendum ritum. Fræðiskrif umsækjandans eru einkum á sviði fjármunaréttar, fjármálamarkaða, verðbréfavíðskipta og tengdra greina. Umsækjandinn hefur ritað 14 ritrýndar fræðigreinar um lögfræðileg efni og eina óritrýnda.

Ása Ólafsdóttir hefur ritað fjórar fræðibækur á sviði lögfræði *Neytendaréttur* (2009), samin ásamt Eiríki Jónssyni, *Handbók um gjaldþrotaskipti* (2011), en þar er um að ræða aðra uppfærða útgáfu á bók sem hafði upphaflega verið samin af öðrum. Þá er umsækjandinn einn þriggja höfunda bókarinnar *Hrunréttur* (2019), þar sem fjallað er um eftirmála hrunsins með aðferðum lögfræðinnar. Þá hefur umsækjandi samið ritið *Ógildingarreglur samningaréttar* (2019). Í umsókn sinni greinir umsækjandinn frá 22 bókarköflum og fræðigreinum. Kveður umsækjandi 21 af framangreindum bókaköflum og fræðigreinum ritrýndar. Umsækjandinn var einn af ritstjórum bókarinnar *Restatement of Nordic Contract Law* (2016), auk þess sem hún er meðhöfundur sex kafla bókarinnar. Þá tekur umsækjandi fram að hún hafi ritað greinar í *Lögmannaþingið* og samið kennsluefni fyrir háskóla. eru rannsóknir hennar aðallega á sviði fjármunaréttar og réttarfars. Hefur umsækjandi haldið fjölda fræðilegra fyrirlestra innanlands og erlendis.

Björg Thorarensen hefur ritað fjórar fræðibækur á sviði lögfræði. Þær eru *Stjórnskipunarréttur. Mannréttindi* (2008), *Þjóðaréttur* (2011), ásamt Péttri Dam Leifssyni, *Stjórnskipunarréttur. Undirstöður og handhafar ríkisvalds* (2015) *Stjórnskipunarréttur. Mannréttindi 2. útg.* (2019). Að auki hefur umsækjandinn nýlokið ritun verksins *Persónuverndarréttur* og er bókin væntanleg á næstunni. eru bækur hennar notaðar sem kennsluefni við alla háskóla á landinu. Þá hefur hún ritað 67 bókarkafla og greinar. Af þeim er 55 ritrýndar. Auk þess hefur hún ritað kennsluefni til afnota í háskólum. Fræðiskrif hennar eru einkum á sviði stjórnskipunarréttar, mannréttinda, þjóðaréttar, persónuverndarréttar, stjórnsýsluréttar og sakamálaréttarfars. Þá hefur hún einnig

verið ritstjóri níu fræðirita, í tveimur tilvikum ásamt öðrum. Einnig hefur hún haldið fjölda fræðilegra fyrirlestra og tekið þátt í fjölmörgum ráðstefnum, málþingum og fræðafundum.

Davíð Þór Björgvinsson hefur samið fjórar lögfræðibækur sem allar hafa verið nýttar til kennslu á háskólastigi. Þær eru *Barnaréttur* (1995), *EES-réttur og landsréttur* (2006), *Lögskýringar* (2008) og *The Intersection of International Law and Domestic Law: A Theoretical and Practical Analysis* (2015). Sú síðastnefnda byggist á doktorsritgerð hans. Í umsókn getur umsækjandinn um 64 bókakafla og greinar eftir hann sem flestar hafa birst í lögfræðitímaritum og afmælisritum. Af þeim eru 40 ritrýndar og í tveimur tilvikum er getið um meðhöfunda. Lögfræðiskrif hans eru einkum á sviði sifjaréttar, Evrópuréttar, almennrar lögfræði, stjórnskipunarréttar, þ. á m. mannréttinda, þjóðaréttar og réttarheimspeki. Þá hefur umsækjandinn samið kennsluefni til afnota á námskeiðum í Háskóla Íslands og Háskólanum í Reykjavík. Hann hefur ennfremur verið ritstjóri eða setið í ritnefnd sex afmælisrita eða annarra rita. Þá hefur hann haldið fjölda fyrirlestra um lögfræðileg málefni við hin ýmsu tilefni hér á landi og erlendis og tekið þátt í fjölmörgum fræðafundum og ráðstefnum.

Oddný Mjöll Arnardóttir hefur ritað tvær bækur. Þær eru *Nálægðarreglan, svigrúm til mats og samband Mannréttindadómstóls Evrópu við landsrétt* (2018) og *Equality and Non-Discrimination under the European Convention on Human Rights* (2003), en sú síðarnefnda er byggð á doktorsritgerð umsækjanda. Hún hefur ritað 45 bókakafla og greinar, en af þeim eru 36 ritrýndar og í 10 þeirra getið um meðhöfunda. Af þessum 36 ritrýndu greinum og bókaköflum eru þrjár annað hvort endurútgáfur eða þýðingar af áður útgefnum verkum umsækjandans. Rannsóknir hennar hafa einkum beinst að viðfangsefnum á sviði mannréttinda, þar á meðal réttarfarslegum álitaeftum, auk réttarheimspeki, vinnuréttar og heilbrigðisréttar. Þá hefur hún komið að ritstjórn fjögurra fræðirita meðal annars ritsins *Shifting Centres of Gravity in Human Rights Protection: Rethinking Relations between the ECHR, EU and National Legal Orders*. Þá hefur umsækjandi flutt mikinn fjölda fræðilegra fyrirlestra hér á landi og erlendis og tekið þátt í fjölmörgum fræðafundum og ráðstefnum.

Þorgeir Ingi Njálsson hefur ritað fjórar fræðigreinar og hafa tvær af þeim verið ritrýndar.

5.5.2.1. Útgefnar greinar og bækur, ritstjórn o.fl. – samanburður

Í þessum þætti er lagt mat á hæfni umsækjenda á grundvelli ólíkra ritverka sem eru fræðirit, bókakafnar og greinar. Sumt efnið er ritrýnt, en annað ekki. Við matið er litið til fjölda, umfangs og fjölbreytni fræðiskrifa hlutaðeigandi umsækjanda, auk þess sem horft er til þess hvort hann hafi ritað efnið einn eða í samvinnu við aðra. Þá er loks höfð hliðsjón af erindum og fyrirlestrum, sem umsækjendur hafa flutt, sem og ritrýni- og ritstjórnarstarfa þeirra. Síðastnefndu þættirnir eru þó léttvægir í samanburði við útgefið efni. Í samræmi við niðurstöðu Hæstaréttar í málum nr. 591 og 592/2017 snýr mat nefndarinnar að virkni umsækjenda við fræðaskrif, umfang ritverka þeirra og hvort ritin hafi hagnýtt og fræðilegt gildi á sviði lögfræði.

Með skírskotun til þess, sem að framan greinir standa *Björg* og *Davíð Þór* framur öðrum umsækjendum í þessum hluta hæfnismats. Ritverk þeirra eru umfangsmikil og hafa verið mikið notuð til kennslu og tilvitnanir, m.a. við flutning dómsmála. Þá hafa þau skrifað mikinn fjölda greina og flutt fjölda fræðilegra fyrirlestra. Næst kemur *Oddný Mjöll* sem hefur verið mikilvirk í fræðistörfum og hefur skrifað tvær fræðibækur og fjölda ritrýndra greina. Mikið hefur verið vitnað til rannsókna hennar. Þá hafa ritverk hennar verið notuð við kennslu. Þá kemur *Ása*, en hún hefur skrifað fjórar fræðibækur, þar af þrjár þeirra með öðrum, auk fræðigreina. Hafa rit hennar verið notuð við kennslu og vísað til þeirra við flutning dómsmála. Næstur kemur *Aðalsteinn* sem hefur skrifað tvö viðamikil ritverk auk fræðigreina. Rit hans hafa verið verið notuð til kennslu og vitnað til þeirra í málflutningi lögmannna og saksóknara. Fræðiskrif *Þorgeirs Inga* eru hins vegar lítil í samanburði við aðra umsækjendur.

5.6. Reynsla af stjórnun

Aðalsteinn E. Jónasson var stjórnarformaður Eignarhaldsfélagsins 1912 ehf., Nathans & Olsens hf., Ekrunnar ehf. og 1912 ehf. („1912 samstæðunnar“) 2012-2017. Frá nóvember 2016 til 2017 var hann einn stjórnarmanna í Fossum mörkuðum hf., sem er verðbréfafyrirtæki, og sat í stjórn LEX lögmannsstofu 2011-2015. Hann var forstöðumaður Fjármálaréttarstofnunar Háskólans í Reykjavík 2007-2011, en hafði verið formaður stjórnar hennar 2003-2007. Samhliða kennslu og rannsóknum við háskólann starfaði hann sem framkvæmdastjóri lögfræðisviðs Gnúps fjárfestingafélags hf. frá október 2006 til ársloka 2007. Árið 2004 var hann ráðinn sem framkvæmdastjóri lögfræðisviðs hjá Straumi-Burðarási hf. og gegndi því starfi samhliða því að vera lektor hjá lagadeild Háskólans í

Reykjavík til september 2006. Frá 2000 var umsækjandinn framkvæmdastjóri lögfræðisviðs Íslandsbanka-FBA hf. og gegndi því starfi til loka árs 2002. Sem yfirmaður lögfræðideilda bankanna hafði hann mannaforráð auk þess að eiga sæti í framkvæmdastjórn. Þá hefur umsækjandinn verið varaformaður stjórnar Persónuverndar frá 2007. Einnig var hann formaður nefndar um dómastörf *ad hoc* í tveimur málum 2009 og formaður úrskurðarnefndar verðbréfamiðstöðva 2009-2013.

Ása Ólafsdóttir rak eigin lögmannsstofu um 10 ára skeið, þá var hún aðstoðarmaður ráðherra um eins og hálf árs skeið árinu 2009-2010. Hún hefur setið í stjórn fjárfestingafélagsins Eyris Invest hf. frá árinu 2016. Þá sat hún í stjórn Lindarhvols ehf. á árunum 2016-2018, en félagið fór með það verkefni að fullnusta stöðugleikaeignir í eigu ríkissjóðs. Þá hefur hún setið í nefndum og ráðum á vegum Háskóla Íslands. Hún var formaður stjórnar Lagastofnunar 2017-2020. Þá var umsækjandi varadeildarforseti lagadeildar Háskóla Íslands í tvö ár frá 2018-2020 þar til hún tók við starfi deildarforseta 1. júlí 2020. Þá hefur hún verið formaður sjö úrskurðarnefnda þ. á m. óbyggðanefndar. Þá sat hún í hverfiskjörstjórn árin 1996-2006 og í yfirkjörstjórn Reykjavíkurkjördæmis norður 2007-2009.

Björg Thorarensen var skrifstofustjóri í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu 1996-2002. Fyrst í rúm fimm ár á löggæslu- og dómsmálaskrifstofu, sem var stærsta skrifstofa ráðuneytisins, og svo í tæpt eitt á á lagaskrifstofu ráðuneytisins. Þá var umsækjandi deildarforseti lagadeildar Háskóla Íslands 2007-2010, en á þeim tíma var nýtt stjórnskipulag háskólans innleitt. Þá hefur hún verið formaður í fjölmörgum stjórnnum og nefndum. Einnig hefur hún verið formaður stjórnar Persónuverndar frá árinu 2011.

Davíð Þór Björgvinsson hefur verið varaforseti Landsréttar frá byrjun árs 2018. Hann var varaforseti 4. deildar Mannréttindadómstóls Evrópu 2011-2013. Umsækjandinn var framkvæmdastjóri Menningarsjóðs útvarpsstöðva 1988-1992, formaður mannanafnanefndar 1997-1999 og formaður fagráðs lögreglu 2014-2019. Þá var hann formaður stjórnar Mannréttindastofnunar Háskóla Íslands í sex ár og hefur gegnt öðrum stjórnunarstörfum innan þess háskóla og Háskólans í Reykjavík.

Oddný Mjöll Arnardóttir var framkvæmdastjóri Reykjavíkurakademíunnar um sex mánaða skeið á árinu 2001. Sama ár var hún framkvæmdastjóri Mannréttindastofnunar Háskóla Íslands í þrjá mánuði. Þá tók hún þátt í stjórnun eigin

lögmannsstofu um tveggja ára skeið. Hún var í yfirkjörstjórn Reykjavíkurdæmis suður 2007-2013. Þá var hún formaður stjórnar Mannréttindaskrifstofu Íslands 2010-2012, varaformaður 2008-2010 og meðstjórnandi 2007. Þá var hún formaður stjórnar Mannréttindastofnunar Háskóla Íslands 2013-2017. Einnig formaður kærunefndar útlendingamála um nokkurra vikna skeið á árinu 2015. Loks var hún forstöðumaður doktorsnáms við lagadeild Háskólans í Reykjavík í tvö ár.

Þorgeir Ingi Njálsson var dómstjóri við Héraðsdóm Reykjaness í níu ár 2008-2017, en dómstóllinn er næst stærsti héraðsdómstóll landsins. Þá var hann skrifstofustjóri umboðsmanns Alþingis samtals í um eitt ár og var settur umboðsmaður Alþingis samtals um níu mánaða skeið. Þá sat umsækjandinn í bótanefnd samkvæmt lögum nr. 68/1995 um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota 1996-2004 og var formaður nefndarinnar síðustu fjögur árin. Einnig sat hann í stjórn Mannréttindastofnunar Háskóla Íslands í þrjú ár og í yfirkjörstjórn Suðurlandskjördæmis 1991-1999.

5.6.1. *Reynsla af stjórnun – samanburður*

Í þessum þætti kemur til skoðunar reynsla umsækjenda af margvíslegum viðfangsefnum sem eiga það öll sameiginlegt að hafa falið sér stjórnun í einni eða annarri mynd. Við mat á hæfni umsækjenda er litið til þess í hverju slík stjórnunarstörf hafa verið fólgin og hve lengi þau hafa sinnt þeim störfum.

Að þessu gættu stendur *Þorgeir Ingi* fremstur umsækjenda, fyrst og fremst vegna starfs síns sem dómstjóri Héraðsdóms Reykjaness í níu ár og vegna starfa við embætti umboðsmanns Alþingis. *Björg* hefur verulega reynslu af stjórnun sem skrifstofustjóri í ráðuneyti og sem deildarforseti lagadeildar Háskóla Íslands á miklum umbreytingatímum. Næstur kemur *Aðalsteinn* sem hefur verulega reynslu af stjórnun lögmannsstofu og einkafyrirtækja. Þá kemur *Ása* sem hefur öðlast stjórnunarreynslu sem stjórnandi lögmannsstofu, formaður úrskurðarnefnda og nú sem deildarforseti lagadeildar Háskóla Íslands. Umsækjendurnir *Davíð Þór* og *Oddný Mjöll* búa öll yfir fjölbreyttri stjórnunarreynslu, en hún telst nokkru minni en stjórnunarreynsla annarra umsækjenda.

5.7. *Reynsla af öðrum störfum sem nýtast dómaraefni o.fl.*

Aðalsteinn E. Jónasson var árið 2001 skipaður í nefnd af iðnaðar- og viðskiptaráðherra sem samdi frumvarp er varð að lögum nr. 161/2002 um fjármála-fyrirtæki. Hann var í laganefnd European Banking Federation 2000-2002. Þá sat hann í laganefnd Lögmannafélags Íslands 1996-1999.

Ása Ólafsdóttir sat í starfshóp mennta- og menningarmálaráðherra um aðgerðir í kjölfar #metoo og var skipuð af forsætisráðherra í nefnd um mótun stefnu í forvörnum og fræðslu með það að markmiði að útrýma kynferðislegu ofbeldi, kynferðislegri og kynbundinni áreitni og öðru kynbundnu ofbeldi. Einnig hefur hún setið í nefnd um dómaraströf, fyrst sem varamaður frá árinu 2011, en sem aðalmaður frá 2013. Einnig hefur umsækjandinn verið nefndarmaður í réttarfarsnefnd frá 2012 og varaformaður í endurupptökunefnd frá 2017. Þá var hún skipuð af dómsmálaráðherra í vinnuhóp um kosti og galla þess að koma á fót millidómstigi árið 2010, skipuð af fjármálaráðherra í starfshóp sem var falið að kanna hvort unnt væri að hefja og reka skaðabótamál á hendur lögaðilum eða einstaklingum sem hefðu valdið ríkinu eða almenningi í landinu fjárhagslegu tjóni með athöfnum sínum í aðdraganda og kjölfar bankahrunsins árið 2009 og af forsætisráðherra í starfshóp árið 2009 sem síðar samdi frumvarp um sanngirnismátur vegna misgjörða á vistheimilum fyrir börn. Þá hefur hún veitt stjórnvöldum ýmsa ráðgjöf. Umsækjandinn hefur átt sæti í ýmsum nefndum og ráðum á vegum Háskóla Íslands, þ. á m. situr hún í stjórn styrktarsjóða skólans. Þá hefur umsækjandinn stýrt starfshópum á vegum stjórnvalda um IMMI. Árin 2008-2014 var hún í stjórn styrktarsjóðsins *Þú getur!* sem ætlað er að veita námsstyrki til þunglyndra og þeirra sem þjást af geðröskunum. Þá var hún *ad hoc* nefndarmaður í dómnefnd til að meta hæfi umsækjenda um embætti tveggja héraðsdómara árið 2012. Hún situr í fulltrúaráði Hjartaverndar og hefur starfað fyrir samtökin í sjálfböðastarfi um langt árabil. Á árunum 2014-2017 sat hún í stjórn Kraftlyftingasambands Íslands og í framkvæmdastjórn ÍSÍ 2017-2019. Hún átti sæti í laganefnd Lögmannafélags Íslands 2005-2008. Loks lætur umsækjandinn þess getið að hún hafi komið að gerð fjölda lagafrumvarpa.

Björg Thorarensen hefur samið nokkurn fjölda frumvarpa fyrir stjórnvöld. Þar á meðal má nefna frumvarp til laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga,

sem varð að lögum nr. 90/2018. Einnig hefur hún unnið við gerð ýmissa frumvarpa um stjórnarskrárbreytingar og setið í starfshópum sem hafa samið nokkur slík frumvörp. Einnig sat hún í stjórnlaganefnd sem Alþingi kaus 2010 til að undirbúa störf stjórnlagabþings. Þá hefur hún tekið þátt í samningaviðræðum og komið að samningu draga að texta þjóðréttarsamninga og ályktana á vettvangi alþjóðastofnana. Þannig var hún fulltrúi í sérfræðinganefnd Evrópuráðsins 1995-2002, í sérfræðinganefnd Evrópuráðsins um réttarfar í mannréttindamálum 1996-2009 og formaður nefndarinnar 2010, en helsta verkefni nefndarinnar var að endurskoða Mannréttindasáttmála Evrópu. Þá var hún fulltrúi íslenska ríkisins í samningahópi Evrópuráðsins gagnvart framkvæmdastjórn Evrópusambandsins um aðild ESB að Mannréttindasáttmála Evrópu á árunum 2012 og 2013. Einnig var umsækjandinn varaformaður samninganefndar Íslands til að fara með aðildarviðræður við ESB og formaður samningahóps um lagaleg málefni í aðildarviðræðunum.

Davíð Þór Björgvinsson tók þátt í samningu fjögurra viðamikilla lagafrumvarpa, en samning þriggja þeirra mun hafa hvílt á honum að verulegu leyti. Hér er um að ræða frumvarp til lögræðislega, frumvarp til laga um lagaskil á sviði samningaréttar, frumvarp til laga um skráð trúfélög og frumvarp til barnaverndarlaga. Þá sat hann um skeið í refsiréttarnefnd sem mun þá hafa sent frá sér þrjú lagafrumvörp. Hann var í sérfræðingahópi ESB varðandi frjálsa fólksflutninga 1998-1999 og öðrum slíkum hópi 1997-1999 varðandi kynjajafnrétti.

Oddný Mjöll Arnardóttir var í laganefnd Lögmannafélags Íslands 2003-2005. Árið 2012 var hún í sérfræðingahóp stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis sem var falið að fara yfir tillögur stjórnlagaráðs að nýrri stjórnarskrá. Þá samdi hún reglur Háskólans í Reykjavík um doktorsnám. Þá hefur hún tekið þátt í samráðshópi utanríkisráðuneytisins um stefnu Íslands í mannréttindamálum og sérfræðihóp um réttindi fatlaðs fólks og réttarkerfið.

Þorgeir Ingi Njálsson sat í stjórn Dómarafélags Íslands 1994-1999, í stjórn endurmenntunarsjóðs dómara 1998-2003 og var formaður fagráðs um endurmenntun dómara 2013-2017. Á árunum 2010 sat hann í rannsóknarnefnd sem kirkjuþing skipaði til að rannsaka viðbrögð og starfshætti þjóðkirkjunnar vegna ásakana á hendur

fyrirverandi biskup fyrir kynferðisbrot. Loks var hann varafulltrúi í bæjarstjórn Sauðárkróks 1986-1987 og varafulltrúi í bæjarstjórn Selfoskaupstaðar 1990-1992.

5.7.1. Reynsla af öðrum störfum sem nýtast dómaraefni o.fl. – samanburður

Samkvæmt því, sem að framan hefur verið rakið, stendur Björg ótvírætt fremst umsækjenda í þessum þætti hæfnismats. Á eftir henni kemur Ása sem setið hefur í réttarfarsnefnd í átta ár og sinnt umfangsmiklum aukastörfum. Þá kemur Davíð Þór sem hefur átt þátt í að semja fjögur viðamikil frumvörp og setið um hríð í refsiréttarnefnd. Þar á eftir koma Aðalsteinn, Oddný Mjöll og Þorgeir Ingi. Ekki verður gert upp á milli reynslu þeirra þriggja á þessu sviði.

5.8. Almenn starfshæfni og andlegt atgervi

Í 3. tölulið 4. gr. reglna nr. 620/2010 segir að við mat á almennri starfshæfni skuli litið til þess hvort umsækjandi hafi sýnt sjálfstæði, óhlutdrægni, frumkvæði og skilvirkni í starfi og hvort hann eigi auðvelt með skilja aðalatriði frá aukaatriðum. Þá kemur fram að umsækjandi skuli hafa góða þekkingu á íslensku máli og eiga auðvelt með að tjá sig í ræðu og riti. Ennfremur er tekið fram í 5. tölulið 4. gr. reglnanna að umsækjandi þurfi að eiga auðvelt með mannleg samskipti, bæði við samstarfsmenn og þá sem erindi eiga við hann. Gerð sé krafa um að af umsækjanda fari gott orð, bæði í fyrri störfum og utan starfa og að reglusemi hans sé í engu ábótavant.

Eins og áður greinir var m.a. áskilið í auglýsingu um hin lausu dómaraembætti að fram kæmu í umsóknum upplýsingar um tvo fyrirverandi eða núverandi samstarfsmenn eða yfirmenn sem gætu veitt dómnefnd bæði munnlega og skriflega upplýsingar um störf og samstarfshæfni hlutaðeigandi umsækjanda. Vegna þess að nýlega hefur verið lagt mat á almenna starfshæfni fjögurra af sex umsækjendum af dómnefnd samkvæmt III. kafla laga nr. 50/2016, sbr. umsagnir hennar frá 9. desember 2019 og 30. apríl 2020, var eins og áður greinir aðeins aflað upplýsinga í þetta sinn um störf, samstarfshæfni og aðra persónulega eiginleika hjá þeim meðmælendum sem ekki höfðu veitt umsögn um umsækjendurna síðastliðið haust og í vor. Þessi ákvörðun dómnefndar var kynnt umsækjendum með tölvubréfum 3. september 2020 og þeim veittur frestur til að koma að andmælum. Engin andmæli bárust nefndinni. Á sama hátt og fyrri umsagnir voru allar jákvæðar í garð umsækjenda voru þær umsagnir, sem

dómnefndin aflaði að þessu sinni, einnig jákvæðar um störf umsækjenda og persónulega eiginleika þeirra.

Af fyrra mati dómnefndar, umsögnum sem nefndinni bárust og athugunum nefndarinnar nú verður ráðið að allir umsækjendur uppfylli þær lágmarkskröfur sem gera verður til starfshæfni hæstaréttardómara samkvæmt 3. og 5. tölulið 4. gr. reglna nr. 620/2010.

5.9. Sérstök starfshæfni

Í 4. tölulið 4. gr. reglna nr. 620/2010 segir að mikilvægt sé að umsækjandi hafi einkamála- og sakamálaréttarfar á valdi sínu og geti farið að fyrirmælum laga um samningu dóma og ritað þá á góðu máli. Hann verður að geta stjórnað þinghöldum af röggsemi og sanngirni og afgreitt þau mál, sem honum eru fengin, bæði fljótt og af öryggi.

5.9.1. Að umsækjandi hafi einkamála- og sakamálaréttarfar á valdi sínu

Hvað þennan þátt hæfnismats varðar hafa allir umsækjendur greint frá störfum sem geta fallið hér undir. Að mati dómnefndar skiptir einkum máli, þegar lagt er mat á hvort umsækjandi hafi einkamála- og sakamálaréttarfar á valdi sínu, hver sé reynsla hans af dóms- og málflutningsstörfum og hvert sé framlag hans í formi kennslu og fræðiskrifa sem og aðkoma hans að samningu lagafrumvarpa á sviði réttarfars.

Að þessu virtu er það mat dómnefndar að vegna langrar starfsreynslu sinnar sem dómari bæði í héraði og við Landsrétt standi *Þorgeir Ingi* öðrum umsækjendum framar í þessum þætti hæfnismatsins. Að áliti nefndarinnar hafa *Aðalsteinn, Ása, Davíð Þór* og *Oddný Mjöll* öll með framangreindum störfum sínum öðlast slíkt vald á réttarfarsreglum að ekki sé ástæða til að gera upp á milli hæfni þeirra á þessu sviði. Þó að *Björg* hafi verið settur dómari við Landsrétt og hafi öðlast þekkingu á sakamálaréttarfari í starfi sínu sem prófessor við Háskóla Íslands er reynsla hennar af beitingu réttarfarsreglna minni en annarra umsækjenda.

5.9.2. Að umsækjandi geti farið að fyrirmælum laga um samningu dóma, ritað þá á góðu máli og fært viðhlítandi rök fyrir dómsniðurstöðu

Í 4. gr. reglna nr. 620/2010 er m.a. vísað til þess að umsækjandi um embætti dómara þurfi að hafa til að bera almenna og víðtæka lögfræðilega þekkingu og máli skipti hvort hann hafi sýnt sjálfstæði, óhlutdrægni, frumkvæði og skilvirkni í starfi, svo og hvort hann eigi auðvelt með að skilja aðalatriði frá aukaatriðum. Ennfremur að

hann geti farið að fyrir mælum laga um samningu dóma. Eftir því sem umsækjandi hefur tileinkað sér betur þessi atriði, þeim mun færari er hann um að kveða upp dóm eða úrskurð í dómsmáli. Af dómsúrlausnum umsækjanda eða eftir atvikum greinargerðum hans má t.d. ráða hve gott vald hann hefur á réttarfarsreglum og hve vel hann er að sér þegar kemur að því að beita þeim réttarheimildum og skýra þau lög sem við eiga hverju sinni. Af þeim verður ekki síður ályktað hversu auðvelt umsækjandi á með að reifa í stuttu máli og um leið með fullnægjandi hætti málsatvik og ágreiningsefni dómsmáls og komast síðan að vel rökstuddri niðurstöðu um sönnunar- og lagaatriði, sbr. d- og f-liði 1. mgr. 114. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. og d-, f- og g-liði 2. mgr. 183. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

Eins og áður greinir var í dómum Hæstaréttar 19. desember 2017 í málum nr. 591/2017 og 592/2017 fundið að því að dómnefnd, sem mat hæfni umsækjanda um 15 embætti landsréttardómara, hafi ekki sérstaklega lagt mat á færni hvers og eins þeirra til að semja dóma. Í samræmi við þessa athugasemd Hæstaréttar hefur dómnefnd lagt sérstakt og rökstutt mat á hæfni hvers og eins umsækjanda á þessu sviði á grundvelli dómsúrlausna þeirra, greinargerða og annarra sambærilegra gagna. Ekki hefur aðeins verið horft til gagna, sem fylgdu umsóknum umsækjanda, heldur einnig til annarra framlaga þeirra, sem aðgengileg eru, svo sem heimilt er að gera skv. 3. mgr. 5. gr. reglna nr. 620/2010.

Niðurstaða þessa mats dómnefndar er að allir umsækjendur séu mjög vel hæfir til að fara að fyrir mælum laga um samningu dóma, og geti ritað þá á góðu máli og fært viðhlítandi rök fyrir dómsniðurstöðu. Þó telur nefndin að tveir umsækjendur standi öðrum frammar. Telur nefndin að Þorgeir Ingi hafi sýnt að hann sé færastur þeirra til að semja dóma, jafnt í einkamálum sem sakamálum, eru dómar sem hann hefur komið að samningu að, bæði í héraðsdómi og áfrýjunardómstól, mjög vel samdir, skýrir og greinargóðir og studdir gildum lögfræðilegum rökum. Við matið er bæði litið til dóma sem hann kvað upp sem héraðsdómari og þeirra dóma Landsréttar sem hann hefur átt þátt í að semja. Dómnefndin telur að næst Þorgeiri Inga að því er varðar færni til að semja dóma komi Aðalsteinn, en þær úrlausnir Landsréttar sem hann hefur átt þátt í að semja, að hluta sem dómsformaður, eru nánast hnökralausar. Nefndin telur ekki ástæðu til að gera upp á milli annarra umsækjanda, en telur óhjákvæmilegt að líta til

athugasemda sem Hæstiréttur hefur gert við dóma þar sem *Davíð Þór* hefur tekið þátt í samningu á.

5.9.3. Að umsækjandi geti stjórnað þinghöldum af röggsemi og sanngirni og afgreitt þau mál sem honum er fengin bæði fljótt og aföruggi

Dómnefnd telur að ályktun um þessi atriði verði dregin af dómastörfum, lögmannsstörfum, stjórnslustörfum og öðrum störfum sem umsækjendur hafa gegnt á liðnum árum. Með tilliti til þessa lítur nefndin svo á að allir umsækjendur séu hæfir til að stjórna þinghöldum af röggsemi og sanngirni og muni afgreiða þau mál, sem þeim eru fengin, bæði skjótt og vel. Ekkert er fram komið sem gefur tilefni til að gera upp á milli þeirra að því er þetta varðar.

6. Niðurstaða dómnefndar

Verkefni dómnefndar skv. 1. mgr. 12. gr. laga nr. 50/2016 er að taka afstöðu til þess hver eða eftir atvikum hverjir umsækjenda séu hæfastir til að gegna embættum hæstaréttardómara sem auglýst hafa verið laus til umsóknar. Hér að framan hefur verið fjallað sérstaklega um þau sjónarmið sem dómnefnd ber að líta til við störf sín skv. 4. gr. reglna nr. 620/2010. Sjónarmiðin hljóta eðli máls samkvæmt að hafa ólíkt vægi innbyrðis, en ekkert eitt þeirra getur ráðið úrslitum. Ber dómnefndinni samkvæmt ákvæðum laga nr. 50/2016, reglum nr. 620/2010 og ákvæðum stjórnslulaga nr. 37/1993 að byggja niðurstöður sínar á heildstæðu mati á grundvelli málefnalegra sjónarmiða.

Þótt almennt verði að telja umsækjanda til tekna að hafa langa og fjölbreytta starfsreynslu verður einnig að meta inntak starfsreynslunnar og það hvernig umrædd starfsreynsla muni nýtast í embætti hæstaréttardómara. Telur nefndin mestu máli skipta að umsækjendur hafi til að bera almenna og víðtæka lögfræðilega menntun, þekkingu og færni og að umsækjendur hafi fengist við verkefni sem eru fjölbreytileg í þeim skilningi að þar sé beitt réttarreglum á ólíkum sviðum lögfræði. Það er þó ekki nægilegt að líta einungis til starfsreynslu heldur er einnig mikilvægt að taka mið af sjálfstæði, óhlutdrægni og frumkvæði umsækjenda, sem og færni þeirra við lögfræðilega greiningu, skilvirkni í starfi og hæfni í mannlegum samskiptum.

Dómnefndin hefur kynnt sér ítarlega umsóknir, ferilskrár, innsend gögn umsækjenda sem og opinberar upplýsingar. Þá hefur nefndin farið yfir fjölda dóma sem umsækjendur hafa samið eða átt þátt í að semja. Einnig hefur nefndin kynnt sér umsagnir umsagnaraðila og tekið viðtöl við alla umsækjendur. Er niðurstaða dómnefndar byggð á heildstæðu mati á verðleikum umsækjenda.

Ef litið er til þeirra matsþátta sem fjallað er um hér að framan er það niðurstaða dómnefndar að umsækjendur hafi öll öðlast þá lögfræðilegu þekkingu, sem gera verður kröfu um að hæstaréttardómari hafi til að bera, og séu með tilliti til þess mjög hæf til að gegna því embætti.

Við mat á því að hve miklu leyti starfsreynsla umsækjenda nýtist í störfum hæstaréttardómara hefur í fyrri umsögnum nefndarinnar verið talið skipta mestu máli að umsækjendur búi yfir staðgóðri reynslu af dómstörfum, lögmannsstörfum og þeim stjórnsýslustörfum sem lúta að úrlausn ágreiningsmála, sbr. umsögn nefndarinnar frá 22. september 2015. Þá hefur nefndin einnig talið að við matið skipti reynsla umsækjenda af störfum við áfrýjunardómstól máli, sbr. álit dómnefndar frá 20. september 2012. Sést þetta á því að frá setningu reglna nr. 620/2010 um störf dómnefndar hafa verið skipaðir níu dómara við Hæstarétt Íslands. Hafa sex þeirra haft mikla reynslu af dómstörfum og þrír haft langa reynslu af lögmannsstörfum. Síðan reglurnar tóku gildi hefur þannig enginn verið skipaður dómari við Hæstarétt sem ekki hefur haft störf sem dómari eða lögmaður sem aðalstarf stóran hluta starfsævi sinnar.

Fjórir umsækjendur hafa verið skipaðir dómara við Landsrétt frá stofnun réttarins og hafa á þeim tíma öðlast reynslu af störfum við áfrýjunardómstól auk annarrar starfsreynslu.

Aðalsteinn hefur starfað sem lögmaður á ólíkum réttarsviðum í 19 ár. Hann hefur kennt lögfræði á háskólastigi í níu ár sem lektor og síðar dósent, þar af í fjögur á í fullu starfi. Þá hefur hann verið virkur í fræðistörfum aðallega á sviði fjármunaréttar og fjármáلامarkaðsréttar. Hefur verið vitnað til rita hans og þau notuð til kennslu. Hann hefur einnig sinnt ýmsum aukastörfum, þ. á m. verið varaformaður Persónuverndar í 13 ár. Síðustu tæpu þrjú ár hefur hann gegnt embætti landsréttardómara. *Davíð Þór* hefur starfað sem dómari við Mannréttindadómstól

Evrópu í níu ár og gegnt embætti landsréttardómara í rúmlega tvö ár. Þá hefur hann verið settur dómari við Hæstarétt í um einn og hálfan mánuð auk þess að hafa verið aðstoðarmaður við EFTA-dómstólinn í tæp sjö ár. Einnig hefur hann fengist við kennslu í lögfræði á háskólastigi í um 32 ár, þar af sem prófessor um árabil. Þá hefur hann verið virkur í fræðaskrifum og hafa rit hans ótvírætt hagnýtt og fræðilegt gildi á sviði lögfræði. *Oddný Mjöll* hefur fengist við kennslu í lögfræði við íslenska háskóla í 14 ár, þar af 12 ár í fullu starfi sem prófessor. Hafa rannsóknir og kennsla aðallega verið á sviði mannréttinda auk réttarheimspeki, vinnuréttar og heilbrigðisréttar. Hún hefur ritað fjölda bóka og fræðigreina sem mikið hefur verið vitnað í og notaðar hafa verið til kennslu og hafa því ótvírætt hagnýtt og fræðilegt gildi á sviði lögfræði. Hún hefur starfað sem héraðsdómslögmaður í fimm ár. Einnig var hún varaformaður kærunefndar útlendingamála í eitt ár. Þá hefur hún gegnt embætti dómara við Landsrétt síðustu tæplega þrjú ár. *Þorgeir Ingi* hefur starfað lengur sem dómari en aðrir umsækjendur sem starfað hafa sem dómara eða lögmenn. Hefur hann starfað sem héraðsdómari í meira en 25 ár og landsréttardómari í tæp þrjú ár, auk þess sem hann var settur hæstaréttardómari í einn og hálfan mánuð. Þá hefur hann verið settur umboðsmaður Alþingis og skrifstofustjóri umboðsmanns auk þess sem hann hefur sinnt fjölda aukastarfa innan stjórnarsýslunnar. Þá hefur hann sinnt kennslu í lögfræði á háskólastigi um nokkurra ára skeið.

Tveir umsækjendur hafa nokkuð minni reynslu af dómstörfum. Hins vegar er reynsla þeirra af öðrum störfum umtalsverð og verður að telja að þær hafi báðar sýnt mikla þekkingu og færni í lögfræðilegum störfum sínum.

Ása hefur stundað lögmennsku í um 11 ár og verið aðstoðarmaður ráðherra í rúmt eitt og hálf ár. Hún hefur kennt lögfræði á háskólastigi í 16 ár en á þessum tíma hefur hún haft kennslu að aðalstarfi í 10 ár, þar af tvö ár sem prófessor. Hefur hún aðallega starfað á sviði réttarfars og fjármunaréttar. Hún hefur verið virk í fræðaskrifum og hefur verið vitnað til rita hennar í störfum lögmanna og þau notuð við kennslu. Að auki hefur umsækjandinn sinnt umfangsmiklum aukastörfum innan stjórnarsýslunnar og verið formaður sjö úrskurðarnefnda þ. á m. óbyggðanefndar. Þá var hún settur dómari við Landsrétt í fjóra mánuði á fyrri hluta árs 2020. *Björg* hefur sinnt kennslu í 26 ár og þar af verið prófessor í fullu starfi í 18 ár. Hún hefur skrifað

umfangsmikil fræðirit á sviði lögfræði sem hafa verið notuð til kennslu og hefur verið mikið vitnað til þeirra. Þá hefur hún skrifað mikinn fjölda greina og flutt fjölda fræðilegra fyrirlestra. Hafa rannsóknir hennar einkum verið á sviði stjórnskipunarréttar, mannréttinda, þjóðaréttar, persónuverndarréttar, stjórnsýsluréttar og sakamálaréttarfars. Hún starfaði í dómsmálaráðuneytinu í níu ár, þar af sex ár sem skrifstofustjóri. Þá hefur hún gegnt formennsku í stjórn Persónuverndar í níu ár. Þá var hún settur dómari við Landsrätt í sex mánuði á fyrri hluta árs 2020.

Starfsferill umsækjenda er ólíkur bæði hvað varðar eðli þeirra starfa sem þau hafa sinnt og fjölda þeirra. Eðli máls samkvæmt er því samanburður á verðleikum þeirra flókinn og telur nefndin af þeim sökum ekki efni til að gera greinarmun á þeim. Þau eiga þó öll sammerkt að hafa á farsælum starfsferli getið sér góðs orðspors í störfum sem hafa gert kröfu um víðtæka þekkingu laga á fjölmörgum réttarsviðum, líkt og lýst er að framan; öll í þeim mæli að ekki verður greint á milli.

Með skírskotun til þess sem að framan er rakið og á grundvelli heildarmats, sbr. 4. gr. reglna nr. 620/2010, telur nefndin ekki efni til að gera upp á milli umsækjenda um stöðu hæstaréttardómara.

Ályktarorð:

Með skírskotun til 2. mgr. 12. gr. laga nr. 50/2016 um dómstóla er það niðurstaða dómnefndar að Aðalsteinn E. Jónasson, Ása Ólafsdóttir, Björg Thorarensen, Davíð Þór Björgvinsson, Oddný Mjöll Arnardóttir og Þorgeir Ingi Njálsson séu hæfust umsækjenda til að hljóta skipun í tvö embætti dómara við Hæstarétt Íslands, sem auglýst voru laus til umsóknar 10. júlí 2020.

Reykjavík, 30. október 2020


Áslaug Árnadóttir


Andri Arnason


Halldór Halldórsson


Helga Melkorka Óttarsdóttir


Guðrún Björk Bjarnadóttir